

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 2. TBL. 19. ÁRG. 2013



LAGADAGURINN 2013



MILLIDÓMSTIG



Af vettvangi félagsins

Árni Helgason: Leiðari	4
Aðalfundur LMFÍ	6
Hdl.-námskeið	6
Jónas Þór Guðmundsson: Pistill formanns	18
Hádegisverðarfundaröð LMFÍ	23
Haukur Örn Birgisson: Áfram deilt á dómarana	24
Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir: Svala Thorlacius hrl. heiðursfélagi FKL	28

Umfjöllun

Eyrún Ingadóttir: Nýjar hugbúnaðarlausnir fyrir lögmenn	8
Viðtal við Hildi Ýr Viðarsdóttur: Heilstætt kerfi fyrir lögmenn	8
Viðtal við Friðbjörn Örn Ketilsson: Allt á einum stað í hverju máli	9

Lagadagur 2013

Árni Helgason: „Stöndum höllum fæti sem stétt“	10
Þyrí Steingrimsdóttir: Sérfræðiþekking í dómsmálum	12
Ingvi Snær Einarsson: Lögmæti verðtryggingar	14
Dag skal að kveldi lofa	16

Aðsent efni

Hrafn Bragason: Á að koma á fót millidómstigi?	20
Valgerður Sólnes: Bótgrundvöllur í skaðabótamálum vegna læknamistaka	26
Skúli Magnússon: Óþarfa millipinghöld?	29

Á léttum nótum

Af Merði lögmanni	22
-------------------	----

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Árni Helgason hdl.

RITNEFND:
Haukur Örn Birgisson hrl.,
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,
Þyrí Halla Steingrimsdóttir hrl. og
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður.
Jóna Björk Helgadóttir hdl., varaformaður.
Karl Axelsson hrl., ritari.
Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl., gjaldkeri.
Guðrún Björg Birgisdóttir, hrl., meðstjórn-
andi.

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Anna Lilja Hermannsdóttir lögfræðingur.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.
Dóra Berglind Torfadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Páll Þórhallsson lögfræðingur og
skrifstofustjóri forsætisráðuneytisins
kemur með fyrirspurn á aðalmálstofu
Lagadagsins 2013. Mynd: Þorkell
Þorkelsson ljósmyndari.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:
arni@cato.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689

*Le Premier Ministre de Sa Majesté
le Roi d'Islande et de Danemark*

prie les autorités compétentes de laisser librement avec ses bagages

le sujet islandais

Guwayé

REYKJAVÍK • LONDON

LOGOS

Lögmansþjónusta síðan 1907

FYRST OG FREMST

Ný skýrsla Chambers and Partners staðfestir yfirburði LOGOS á sviði lögmansþjónustu á Íslandi. Chambers and Partners leggur mat á þjónustu lögmansstofa um víða veröld til að auðvelda fyrirtækjum að finna heppilega samstarfsaðila. Í nýrri skýrslu þessa virta greiningaraðila er bestu íslensku lögmansstofunum að vanda ráðað í þrjú sæti eftir styrkleika á sex lykilsviðum.

Skemmst er frá því að segja að LOGOS er í efsta sæti á öllum sviðum og fá lögmenn stofunnar glæsilega umsögn. Við þökkum hrósið, staðráðin í að veita áfram framúrskarandi þjónustu.



No. 2

Pour Le Premier Ministre

P. a. [Signature]

Valable jusqu'au 20 août 1940



Stórhuga stjórnámamenn og gæði lagasetningar

NÝ RÍKISSTJÓRN HEFUR nú tekið við og í stjórnarsáttmála hennar kennir ýmissa grasa. Mörg þeirra mála sem þar er fjallað um munu án efa hafa áhrif á störf og starfsumhverfi lögmanna þegar fram líða stundir, bæði með nýrri lagasetningu sem stjórnarmeirihlutinn boðar um sín helstu stefnumál og einnig með þeim breytingum á dómskerfinu sem nefndar eru í stjórnarsáttmálanum.

Skuldamál einstaklinga og fyrirtækja hafa verið fyrirferðarmikil í umræðunni undanfarin ár og sjálfsagt ófáir lögmennirnir sem hafa fengið inn á borð til sín ágreining og dómsmál sem tengjast gengislánum, ábyrgðum og skuldauppgjöri almennt.

Ný ríkisstjórn boðar enn frekari aðgerðir á þessu sviði, einkum varðandi verðtryggingu húsnæðislána. Óhætt er að segja að mikill stórhugur einkenni sum af þeim stefnumálum stjórnarinnar. Í skilaboðum frambjóðenda fyrir kosningar var látið í veðri vaka að það væri lítill vandi að leysa þessi mál, bara ef krafturinn og ákefðin væru til staðar.

Þótt slíkt tal kunni að virka á kjósendur hefur reynsla síðustu ára sýnt að kapp í þessum málum er best með forsjá. Mikill asi einkenndi þennan málaflokk á síðasta kjörtímabili og það kom jafnvel fyrir að heilu lagafrumvörpin voru endurskrifuð

á síðustu metrunum í þinginu. Þetta hafði sín áhrif – á síðasta kjörtímabili voru lagaákvæði, sem fjölluðu um skuldamál, t.d. tvívegis talin stangast á við 72. gr. stjórnarskrár. Annars vegar var ákvæði ábyrgðarmannalaga um niðurfellingu ábyrgða til samræmis við niðurfellingu aðalskuldara í greiðsluáðlögun talið stangast á við stjórnarskrá og hins vegar ákvæði vaxtalaga frá desember 2010 um að endurreiknuð lán skyldu bera Seðlabankavexti.


Enn er verið að vinna úr flækjum í tengslum við gengistryggð lán, t.d. í þeim tilvikum þar sem skuldaraskipti hafa orðið. Þá er skuldauppgjöri margra einstaklinga og fyrirtækja enn ólokið.

Það er mikill ábyrgðarhluti þegar slík lagaákvæði eru sett án þess að gaumgæft sé fyrirfram hvort þau haldi og hver áhrif þeirra séu. Slík ákvæði skapa væntingar hjá fólki og eru oft forsendur ýmissa ákvarðana og aðgerða. Sú staðreynd að nærri fimm árum eftir efnahagshrunið 2008 er enn mikið verk óunnið í úrvinnslu skuldamála tengist því hve bratt var farið af stað í upphafi. Þótt stjórnámamenn vilji gjarnan státa sig af því að vinna hratt og af krafti verður dómur sögunnar jafnan betri þegar löggjöfin stenst tímans tönn. Þetta verður ný ríkisstjórn að hafa í huga varðandi áform sín í skuldamálum heimilanna.

Í stjórnarsáttmálanum kemur ýmislegt fleira athyglisvert fram. Þar segir að stefnt skuli að því að millidómsstig verði tekið upp, bæði í einka- og sakamálum og að Hæstiréttur starfi í einni deild. Þessar hugmyndir hafa verið til umræðu um nokkurt skeið án þess að þær hafi komist til framkvæmda. Almennt hafa viðtökur við hugmyndum um millidómstig verið góðar en ljóst er að í þessum tillögum felst veruleg uppstokkun á dómskerfinu. Mikilvægt er að lögmenn taki þátt í þeirri umræðu sem framundan er um þessi mál og má vekja athygli á tveimur greinum um málið í þessu blaði eftir þá Jónas Þór Guðmundsson, hrl. og formann LMFÍ og Hrafn Bragason, fyrrv. hæstaréttardómara.

Það verður svo loks að teljast töluvert fagnaðarefni að ekki bara stjórnarflokkarnir nýju heldur einnig forystumenn stjórnarandstöðunnar hafa tekið upp mun yfirvegaðri og skynsamari nálgun varðandi breytingar á stjórnarskrá en síðasta ríkisstjórn hafði. Í því felst að minni líkur eru á kúvendingum varðandi stjórnarskrána og að breytingar á henni, ef þær þykja nauðsynlegar á annað borð, verði unnar af yfirvegum og í sátt. Því ber að fagna enda urðu fjölmargir úr stétt lögfræðinga og lögmanna og margir fleiri til að benda á að fara verður afar varlega í breytingar á stjórnarskrá og þær mega aldrei verða markmið í sjálfu sér.

Velkomin í Gagnaeyðingu



8 myndskaið á gagnaeyding.is



Ílát sem henta vel fyrir skrifstofuna

PDC
32 lítra
Tekur allt að 10 kg af pappír

S-76
76 lítra
Tekur allt að 30 kg af pappír
Mál: 70 (h) x 28 (b) x 51 (d)

E-120
120 lítra
Tekur allt að 55 kg af pappír
Mál: 93 (h) x 48 (b) x 56 (d)

E-240
240 lítra
Tekur allt að 120 kg af pappír
Mál: 107 (h) x 58 (b) x 74 (d)



Sækjum þegar þér hentar

GAGNAEYÐING

Örugg eyðing gagna yfir 20 ár

Aðalfundur LMFÍ

AÐALFUNDIR LÖGMANNAFÉLAGS Íslands og félagsdeildar LMFÍ 2013 fóru fram á Hilton Hótel Nordica miðvikudaginn 8. maí s.l. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf, auk þess sem tillaga lá fyrir um hækkun árgjalds til lögbundna hluta félagsins og félagsdeildar.

Formaður félagsins, Jónas Þór Guðmundsson, hrl., gerði grein fyrir skýrslu félagsstjórnar og stiklaði á stóru úr starfi félagsins á liðnu starfsári. Að því loknu kynnti Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ, ársreikninga félagsins og félagsdeildar fyrir árið 2012. Afkoma félagsins og félagsdeildar á síðasta ári var í heild jákvæð. Hagnaður af rekstri lögbundna hluta félagsins nam kr. 1.253.370, en hins vegar var lítilsháttar tap af rekstri félagsdeildar upp á kr. 134.594.

Jónas Þór Guðmundsson hrl. var endurkjörinn formaður félagsins. Jóna Björk Helgadóttir hdl. og Karl Axelsson hrl., voru kjörin í stjórn í stað Borgars Þórs Einarssonar hdl. og Óskars Sigurðssonar hrl. Auk þeirra þriggja sitja áfram þær Guðrún Björk Bjarnadóttir hrl., og Guðrún Björg Birgisdóttir hrl. Í varastjórn voru kjörin Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl., Berglind Svavarsdóttir hrl. og Óttar Pálsson hrl.



Nýkjörin stjórn Lögmannafélags Íslands. F.v. Karl Axelsson hrl. gjaldkeri, Jóna Björk Helgadóttir hdl. varaformaður, Jónas Þór Guðmundsson hrl. formaður og Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl. ritari. Á myndina vantar Guðrúnu Björgu Birgisdóttur hrl. meðstjórnanda en hún situr jafnframt í stjórn Námsjóðs LMFÍ.

Gústaf Þór Tryggvason hrl., og Othar Örn Petersen hrl., voru kjörnir skoðunarmenn félagsins og Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl., til vara.

Þá voru kjörin í laganefnd félagsins næsta starfsár þau Jón Sigurðsson hrl., Sigurður Guðmundsson hdl., Grímur Sigurðarson hdl., Reimar Pétursson hrl., Arnar Þór Stefánsson hrl., Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir hdl. og Eiríkur S. Svavarsson hrl.

Á fundinum var samþykkt tillaga um hækkun árgjalds til skyldubundna hlutans úr kr. 42.000 í kr. 49.000. Jafnframt var samþykkt hækkun árgjalds félagsdeildar úr kr. 9.500 í kr. 10.500. Koma þessar hækkanir til framkvæmda á árinu 2014.

II

Hdl.-námskeið

ÞANN 26. APRÍL sl. fór fram útskrift af námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður. Alls útskrifuðust 36 lögfræðingar að þessu sinni - 16 konur og 20 karlar.

Til fróðleiks má geta þess að af þeim 39 sem þreyttu próf á fyrri hluta námskeiðsins í fyrsta sinn, náðu aðeins 12 þátttakendur fullnægjandi árangri, eða 31%, en 27 þátttakendur - 69% - þurfa hins vegar að reyna að nýju. Þá náðu 23 þátttakendur (66%) af þeim 35, sem skráðir voru í endurtektarpróf vegna falls á fyrri námskeiðum, fullnægjandi árangri.

II





ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

AÐ HVERJU ÞARF ÉG AÐ HUGA?

- lífeyrissjóði og eftirlaunum
- vörn gegn tekjumissi vegna veikinda eða slysa
- skipulegum sparnaði
- uppbyggingu eigna

Almenni lífeyrissjóðurinn veitir faglega og persónulega ráðgjöf og fer vel yfir þín mál.

Hafðu samband við okkur og við finnum hentuga leið fyrir þig og þína

Borgartúni 25 • sími 510 2500 • www.almenni.is

.IS

skráðu þitt **.is** lén
www.isnic.is

ISNIC | Internet á Íslandi hf. | s. 578 2030 | www.isnic.is

Bonafide
LÖGMENN

LEX

Helga 
lögmenn

LÖGGARÐUR EHF.
Stofnað 1985

Nýjar hugbúnaðarlausnir fyrir lögmenn

Árlega eyða lögmennsstofur miklum upphæðum í hugbúnað til að halda utan um upplýsingar, skjalastjórnun og tímaskráningu. Stóru lögmennsstofurnar notast flestar við skjalastjórnunar- og tímastjórnunarkerfi sem ekki eru sérhannaðar fyrir lögmennsstofur á meðan minni stofur og einyrkjar notast við einföld kerfi, t.d. Stund sem er tíma- og málaskráningarskráningarkerfi sem heldur utan um vinnu lögmanna á einfaldan hátt, excel, dagbækur, ipod og svo framvegis.



Heilstætt kerfi fyrir lögmenn

Upplýsinga-, tímaskráninga- og skjalastjórnunarkerfið Vergo er sérhannað að þörfum lögmanna og kom á markað í byrjun árs. Hildur Ýr Viðarsdóttir hdl. hjá Landslögum, einn eigenda Vergo ehf., segir að hugmyndin hafi vaknað þegar hún byrjaði í lögmennsku árið 2008.

Mér fannst vanta heilstætt kerfi fyrir lögmenn sem héldi utan um mál, verkefni, fresti, tíma og skjöl. Fyrir þremur árum fórum við, ég og Kjartan Valur Þórðarson tölvunarfræðingur, að hanna og smíða kerfið. Svo bættist Anna Þórdís Rafnsdóttir hdl. á Mörkinni í hópin en hún hafði kynnst sambærilegum kerfum við nám og störf í New York. Kerfið er því hannað af lögmönnum fyrir lögmenn.

Hvernig virkar kerfið?

Kerfið heldur utan um öll mál lögmanna og upplýsingar tengdum þeim og umbjóðendum. Það getur haldið utan um alla fresti og verkefni sem vinna þarf í málum og það er hægt að forskrá verkefni og verkferla niður á málategundir sem hentar mjög vel í málum eins og slysamálum sem alltaf eru rekin með svipuðum hætti og sömu verkefnin sem þarf að vinna. Þá heldur kerfið einnig utan um hagsmunaárekstra, þ.e. ef gagnaðili í nýju máli er kannski skráður umbjóðandi hjá öðrum lögmanni á stofunni. Það er svo líka

tímaskráningakerfi og hægt að taka allar upplýsingar út sem tölfræði og gröf, til dæmis sjá hvernig tímar skiptast niður á starfsmenn eða tegundir mála. Það á því að geta nýst stjórnendum lögmennsstofa til að hafa yfirsýn yfir reksturinn og að hagræða.

Kerfið er hýst á Windows Azure tölvuskýjaþjónustu frá Microsoft sem hefur virtar öryggisvottanir á borð við ISO/IEC 27001:2005. Öll samskipti í kerfinu eru dulkóðuð með öryggisstaðlinum SSL/TLS (256 bit AES) sem er viðurkennd leið til að tryggja örugg samskipti á netinu. Við sjáum svo um að taka öryggisafrit af öllum gögnum sem einnig eru geymd í vottuðu umhverfi í Windows Azure. Allt aðgengi að kerfinu er skráð og gerum við kröfur um örugg lykilorð. Hægt er að óska eftir því að þurfa að innskrá sig aukalega með sms auðkenningu þar sem þú færð lykilorð sent í símann þinn. Einnig er hægt að takmarka aðgengi eftir ákveðnum ip tölum.

Eru margar lögmennsstofur komnar með kerfið?

Fjórar stofur eru nú þegar komnar með kerfið og nokkrar í viðbót eru að skoða það. Viðskiptavinir okkar voru ekki með eina heildstæða lausn áður svo þetta er mikil breyting fyrir þá en flestar lögmennsstofur eru með tímaskráningu í einu kerfi og skjalastjórnun í öðru.

Hentar kerfið bæði fyrir stærri stofur og einyrkja?

Já og jafnvel allt eins fyrir innanhúslögmenn og minni stofnanir. Lögfræðideildir bankanna hafa t.d. fengið kynningu á kerfinu.

Hvað kostar að nota hugbúnaðinn?

Það er samningsatriði og fer eftir stærð stofa. Við gerum lögmennsstofum tilboð.

Ætlið þið að sinna lögmönnum og lögmennsstofum með fleiri hugbúnaðarlausnum?

Það eru verkefni í farvatninu, bæði fyrir lögmenn og aðrar sérgreinar, sem er ekki tímabært að ræða.

Nýjar hugbúnaðarlausnir fyrir lögmenn

Um þessar mundir er mikil gerjun í hönnun hugbúnaðar fyrir lögmennsstofur en á þessu ári hafa tvö ný fyrirtæki kynnt sérhannaðar lausnir fyrir lögmenn sem halda utan um þá þætti sem snúa að upplýsingum, skjalastjórnun og tímaskráningu. Fyrirtækin heita Vergo og Manor. Lögmennablaðið fór á stúfana og kynnti sér þessi nýju kerfi.



Allt á einum stað í hverju máli

Manor er málaumsýslukerfi sem færir rekstur lögmanna í rafrænt viðmót þar sem öll vinna fer fram með miðlægum hætti. Þróun hefur staðið yfir lengi og fengu fyrstu viðskiptavinir kerfisins aðgang í mars síðastliðnum en kerfið er hannað með það fyrir augum að auka tekjur og bæta tímanýtingu í rekstri lögmennsstofa. Að Manor stendur Vefmiðlun ehf., en eigendur eru þeir Friðbjörn Orri Ketilsson og Arthúr Ólafsson. Kerfið var að sögn Friðbjörns smíðað vegna eftirspurnar frá lögmönnum.

Hvernig virkar kerfið?

Manor heldur utan um rekstur lögmanna frá upphafi til enda. Kerfið byggir á nýju verkflæði þar sem allt er rafrænt svo sem tímaskráningar, skjalageymsla, samskipti, dómar, reiknivélar og stjórnendaupplýsingar. Reksturinn kemur því saman í einu kerfi.

Lögmenn geta unnið saman að málum og hjálpast að við rannsóknarvinnu, aðstoðarfólk fær skjöl inn í mál, en tímar fara sjálfvirkt í bókhaldskerfið. Með slíku vinnuferli sparast mikill tími sem stuðlar að tekjuvexti.

Annað sem er gaman að segja frá er sérstök vakt á fresti, s.s. kærufresti í málum, þar sem Manor sendir viðkomandi lögmanni tilkynningar, tölvupósta, sms skeyti og endar á að hringja hafi viðkomandi ekki enn brugðist við. Takist það ekki lætur kerfið samstarfsmenn vita. Þannig eiga frestir aldrei að gleymast.

Tímaskráningar hugsuðum við frá grunni og þróuðum nýjungar. Manor veit í hvaða málum menn eru að vinna á hverjum degi og bendir á þau mál

þegar tímar eru skráðir. Þannig hjálpar kerfið til við að bjarga tímum sem ella hefðu ekki innheimst. Við settum einnig upp nýtt viðmót á tímaskráningu sem er öll grafísk þar sem menn sjá strax hvar gleymdist að skrá tíma. Þannig aukum við tekjur notenda okkar.

Varðandi öryggismál þá gerum við sömu kröfur og bankar gera til gagnaöryggis og dulkóðunar. Við bjóðum okkar notendum að tengjast með tveggja þátta innskráningu þar sem þeir gefa upp notendanafn og lykilorð og fá svo sms með einnota öryggisnúmeri sem þeir skrá inn. Þannig staðfestum við að réttur aðili sé á ferðinni.

Eru margar lögmennsstofur komnar með kerfið?

Fyrstu viðskiptavinirnir eru að ljúka aðlögunarferlinu þessa dagana. Það tóku um 15 aðilar þátt í prófunarferlinu sem stóð í 6 mánuði og gerum við ráð fyrir að þeir komi í viðskipti í framhaldinu. Við förum okkur þó hægt viljum vaxa með okkar viðskiptavinum og þjónusta þá eins og best verður á kosið.

Hentar kerfið bæði fyrir stærri stofur og einyrkja?

Kerfið hentar fyrir alla sem leggja stund á lögmennsku. Einyrki þarf að ná inn einum tíma sem ella hefði gleymst að rukka svo Manor sé honum arðbær fjárfesting. Stóru stofurnar ná mun meiri hagkvæmni því meiri hagur er af rafrænu og miðlægu verkflæði.

Hvað kostar að nota hugbúnaðinn?

Manor er vefhugbúnaður sem notendur tengjast með vafra. Það skipulag sparar miklar fjárhæðir fyrir lögmenn þar sem ekki er rukkað fyrir uppfærslur, leyfisgjöld per tölvu, hýsingargjöld, bandvíddargjöld eða annað slíkt. Hugbúnaðarvesenið hverfur. Manor fæst aðeins í fullri útgáfu og kostar 19.000 kr auk vsk. á mánuði per notanda.



Ljósmynd: Þorkell Þorkelsson.

F.v. Ragna Árnadóttir, Guðmundur Sigurðsson, Kristín Edwald, Hjörtur O. Aðalsteinsson og Jónas Þór Guðmundsson.

Staða lögfræðinnar í samfélaginu:

„Stöndum höllum fæti sem stétt“

LÖGMENN ÞURFA að skýra miklu betur fyrir almenningi hver tilgangur starfa þeirra er og gera sér grein fyrir því að þeir standa höllum fæti sem stétt. Almennigur upplifir lögmenn þannig að þeir séu ávallt að gæta hagsmuna og minna er leitað til þeirra sem sérfræðinga hér á landi en víða annars staðar. Þetta kom m.a. fram í máli Tryggva Gunnarssonar umboðsmanns Alþingis, í framsöguræðu sinni á

aðalmálstofu Lagadagsins 2013 um stöðu lögfræðinnar. Óhætt er að segja að Tryggvi hafi verið gagnrýninn í ræðu sinni sem hefði allt eins getað verið hálfleiksræða frá þjálfara sem er ekki alls kostar sáttur við frammistöðu leikmanna sinna.

Í máli hans kom fram að honum hefði að undanfögnu gefist tækifæri til þess að yfirfara vinnubrögð, skjalagerð og lögfræðivinnu í fjármálakerfinu. „Mig setti hljóðan,“ sagði Tryggvi og spurði hvar lögfræðilega aðkoman hefði verið varðandi skjalagerð í tengslum við gengistrygð lán, veð og ábyrgðir.

Lögmenn þurfa að líta í eigin barm

Tryggvi sagði að í þessu samhengi hlytum við að velta fyrir okkur þeirri ábyrgð sem lögmenn bæru og stéttin þyrfti að líta í eigin barm. Hann tók þó fram að algeng skýring, sem hann hefði heyrt, væri sú að vegna sparnaðar vantaði víða lögfræðinga og lögmenn en þeir væru svo kallaðir til á síðari stigum og væru þá í hlutverki slökkviliðsins. Mikilvægt væri hins vegar fyrir lögmenn að spyrna við fótum í slíkum aðstæðum.

Hann sagði miklu skipta fyrir þjóðfélagið að til væri óháð lögmannastétt sem beiti þekkingu sinni og getu í

þágu almannahagsmuna. Hann tók fram að hann hefði verulegar áhyggjur af menntun og fræðibókanoftkun lögmanna, menn þyrftu að gera miklu meira af því að leita í fræðin og ekki síður að sækja sér endurmenntun.

Þjóðarsátt um breytta umræðuhefð

Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og fv. dóms- og mannréttindaráðherra, hélt síðari framsögu málstofunnar og gerði skoðanakannanir um traust á stofnunum í þjóðfélaginu að umfjöllunarefni sínu. Þar hefði ítrekað komið í ljós að traust á t.d. Alþingi mældist afar lágt. Þetta væri áhyggjuefni og taldi Ragna að þjóðarsátt þyrfti að nást um að breytta umræðuhefð á þingi.

Þetta þyrftu lögmenn einnig að taka til skoðunar og taka því verkefni fagnandi að auka veg lögfræðinnar í samfélaginu. Ragna sagði að lögmenn yrðu að tjá sig af auðmýkt um mál og vera minnugir þess að almenningi er ekki tamt að nota lögfræðileg hugtök í sínu tungumáli. Ragna velti því einnig upp hvort lögfræðitexti væri oft á tíðum ekki óþarflega flókinn og stundum væri ekki ljóst fyrir hvern textinn væri skrifaður.



Ljósmynd: Þorkell Þorkelsson.

Tryggvi Gunnarsson vill að lögfræðingar líti í eigin barm



Ljósmynd: Þorkell Þorkelsson.

Lagadagurinn hefur öðlast sess í hugum lögfræðinga og að þessu sinni sóttu 440 dagskrána um daginn.

Má ekki afskrifa alla gagnrýni

Að loknum framsöguerindum tóku við pallborðsumræður með þeim dr. Guðmundi Sigurðssyni deildarforseta lagadeildar Háskólans í Reykjavík, Kristínu Edwald hrl. og formanni Lögfræðingafélags Íslands, Hirti O. Aðalsteinssyni dómstjóra Héraðsdóms

Suðurlands og formanni Dómarafélags Íslands og Jónasi Þór Guðmundssyni hrl. og formanni Lögmannafélags Íslands.

Hjá Guðmundi kom meðal annars fram að hann teldi menntun lögfræðinga í dag vera þannig að þeir væru betur undir það búinir að takast á við verkefni sem bíða. Mikilvægt væri að einskorða lögfræðinámið ekki við að sem flestir næðu „hdl-námskeiðinu“ heldur yrði að

hafa í huga að lögfræðin væri víðtækari og lögfræðinámið væri góð grunnmenntun.

Kristín tók fram að hún teldi klassíska námið henta best en vék einnig að umræðu um stöðu lögfræðinnar og traust á stofnunum. Hún sagði að stéttin yrði að gæta sín á því að afskrifa ekki alla þá sem vantreysta kerfinu sem bloggara og vitleysinga, heldur bregðast við umræðunni.

Hjörtur greindi frá því að hjá dómstólum væri nú til skoðunar að setja siðareglur og reglur um að birta hagsmunatengsl en einnig væri verið að skoða reglur um birtingu dóma.

Jónas Þór sagði að það gleymdist oft í umfjöllun um störf lögmanna að þeir væru bundnir af siðareglum lögmanna ásamt því að vera skyldugir til að hafa starfsábyrgðartryggingu. Þetta tæki t.d. ekki til starfa lögfræðinga en engu að síður sæi Lögmannafélagið sífellt fleiri dæmi um að lögfræðingar auglýsi þjónustu sem lögmenn einir geta sinnt.

Nokkrar umræður urðu í lokin þegar framsögumenn og gestir í pallborði svöruðu spurningum en Ása Ólafsdóttir lektor við lagadeild Háskóla Íslands stýrði málstofunni.

Árni Helgason hdl.

NÝJUNGAR Í LÖGFRÆÐI



Ljósmynd: Þorkell Þorkelsson.

F.v. Hrefna Friðriksdóttir, Páll Ásgeir Davíðsson, Ágúst Þór Árnason og Natalia Loukacheva.

BRYDDAÐ VAR á þeirri nýjung að bjóða upp á nýjungar í lögfræði að morgni lagadags. Dr. Natalia Loukacheva, gestaprófessor við Háskólann á Akureyri hélt erindi sem hún nefndi „Polar law and major developments“ þar sem hún fjallaði um hnattræna hlýnun og málefni norðurslóða. Páll Ásgeir Davíðsson LL.M, frkvstj. Vox Nature hélt að því búnu erindi um samspil loftlagsbreytinga, jökla og mannréttinda. Hrefna Friðriksdóttir dósent við lagadeild Háskóla Íslands og stjórnarformaður Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni kynnti þverfaglega nálgun lögfræði og annarra fræðisviða á fjölskyldumálefnum. Fundarstjóri var Ágúst Þór Árnason formaður lagadeildar Háskólans á Akureyri.

Sérfræðipekking í dómsmálum

MÁLSTOFAN UM SÉRPEKKINGU í dómsmálum var vel sótt á Lagadeginum. Stjórnandi var Sigurður Tómas Magnússon prófessor og þátttakendur voru Berglind Svavarsdóttir hrl. hjá Acta, Guðmundur Sigurðsson forseti lagadeildar HR, Ívar Pálsson hrl. hjá Landslögum og Skúli Magnússon héraðsdómari. Málstofan var að mati undirritaðrar sérlega vel heppnuð. Umræður voru hreinskiptnar og allir þátttakendur höfðu greinilega undirbúið sig vel.

Regluverkið og málafjöldinn

Í byrjun var stuttlega farið yfir hvort núgildandi réttarfarlegur stuðluðu að því að leyst væri úr ágreiningi með réttum og faglegum hætti í dómstólum. Flestir voru sammála um að þótt regluverkið væri að mörgu leyti ágætt, það kerfi að dómkveðja matsmenn og kveða til sérfróða meðdómendur væri nokkuð gott, þá væri það ekki nægilega skýrt. Málafjöldinn og stærð mála í dómstólum landsins sýndi að traust væri allgott á dómstólum hvað varðaði sérþekkingu, t.d. af hálfu viðskiptalífsins, og ekki tíðkuðust gerðardómar í einstökum málum tengdum viðskiptum hér á landi í sama mæli og í nágrennalöndum okkar. Fyrirtæki veldu það síður og legðu mál sín fyrir réttarkerfið til úrlausnar.

Matsgerðir

Nokkuð var rætt um kostnaðinn við kerfið, ekki síst við dómkvaðningu matsmanna sem aðilar verða að bera sjálfir. Þá var bent á hversu mikill munur geti verið á kostnaði og virðist það fara eftir matsmönnum sjálfum. Lögmaður í



F.v. Guðmundur Sigurðsson, Berglind Svavarsdóttir, Sigurður Tómas Magnússon, Ívar Pálsson og Skúli Guðmundsson.

áheyrendahópnum benti á að kostnaður við tvær sambærilegar matsgerðir í fasteignagallamálum hefði í máli á borði hans verið 2,4 milljónir í öðru matinu en 700 þúsund í hinu matinu. Ekki væri þó að sjá að sjáanlegur efnis- eða gæðamunur væri á mötunum. Skúli Magnússon benti á að lögmenn hefðu ávallt þann möguleika að biðja dómara að úrskurða um kostnað við matsgerðir en benti jafnframt á að matsgerðir væru þýðingarmikil sönnunargögn og eflaust væri það því þess virði fyrir aðila að afla þeirra. Bent var á að þýðing matsgerða sem sönnunargagna hefur ekki síst með það að gera hvernig þeirra er aflað og spurning væri ef það ætti ekki að afla matsgerða eftir þeim leiðum sem einkamálalögin segja til um hverra gagna væri þá hægt að afla sem hefðu

sama gildi. Bent var á utanréttargögn eins og álitsgerðir, álit nefnda, eins og örorkunefndar, og einnig hvort opna ætti möguleikann á sérfræðivitnum.

Sérfróðir meðdómsmenn

Í síðari hluta málstofunnar var rætt um sérfróða meðdómsmenn, hvernig ætti að velja þá, í hvaða málum þeir ættu að taka sæti og hvert hlutverk þeirra raunverulega væri. Fundarmenn voru sammála um að fámennið hér og tengslin í samfélaginu væri ókostur og væri dómurum oft fjötur um fót við val á meðdómendum. Þar þyrfti að bæta í regluverkið. Listar væru til staðar í héraðsdómum en dómstólaráð þyrfti að láta meira til sín taka. Bent var á að ef til vill gætu fagfélög viðkomandi sérfræðinga reynt betur að þjálfa sitt fólk

LIT ehf.
Ingi Tryggvason hdl.

NORDIK
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA


pwc

til setu í dómum, til dæmi með því að halda námskeið eins og gert hefur verið hjá Sálfræðingafélaginu og mögulega ætti Dómarafélagið eða dómstólaráð að eiga aðkomu að slíku.

Hlutverk Hæstaréttar

Að lokum var rætt um hlutverk Hæstaréttar, hvenær og hvernig Hæstiréttur gæti endurskoðað dóma sem byggja á sérfræðilegu mati. Þeirri spurningu var varpað fram hvort Hæstiréttur hefði burði til að fara ofan í mat sérfróðra matsmanna og/ eða meðdómenda og ef svarið við því væri nei þá væri raunverulega við lýði eitt dómstig, sem væri ótækt. Einnig var þeirri spurningu varpað fram hvort Hæstiréttur ætti fremur að heimvísa málum þar sem hann er ósammála niðurstöðum sérfróðra aðila en að endurskoða málið og dæma. Þá var því jafnframt velt upp hvernig Hæstiréttur gæti lagt mat á ný sérfræðileg gögn sem lögð væru fram fyrir réttinn, sem ekki hefðu verið lögð fram í héraði. Fundarmenn voru sammála um að millidómstig væri í raun nauðsynlegt til að taka á þessu máli, þ.e. millidómstig þar sem hægt væri að kveða til sérfróða meðdómsmenn. Fyrirmyndin að slíku ætti að vera Landsréttur í Danmörku.

Áskorun um endurskoðun reglna

Í lokin benti Sigurður Tómas á að öll gögn sem lögð væru fram í dómsmálum þyrfti að meta að verðleikum, slíkt mat væri ekki endilega alltaf sérfræðilegt en hægt væri að treysta á að það yrði ávallt lögfræðilegt. Skúli skoraði á réttarfarsnefnd og dómstólaráð að taka málefnið um sérþekkingu í dómskerfinu til sín og endurskoða nógildandi reglur. Vel er hægt að taka undir þá áskorun.

Þyrí Steingrímsdóttir brl.

KYNFERÐISBROT GEGN BÖRNUM



Ljósmynd: Þorkell Þorkelsson.

F.v. Svala Ólafsdóttir, Róbert Spanó, Stefán Eiríksson, Ragnheiður Harðardóttir, Helgi Gunnlaugsson og Hulda Elsa Björgvinsdóttir. Á myndina vantar Hrefnu Friðriksdóttur.

Á MÁLSTOFUNNI var fjallað um hvort þörf væri á bættum réttarfarsreglum vegna kynferðisbrota gegn börnum. Framsögumenn voru Svala Ólafsdóttir, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík og Stefán Eiríksson lögreglustjóri. Í pallborði voru Helgi Gunnlaugsson prófessor við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari, Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari og Hrefna Friðriksdóttir dósent við lagadeild Háskóla Íslands og stjórnarformaður Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni. Stjórnandi var Róbert Spanó prófessor og settur umboðsmaður Alþingis.

KVÓTAKERFI OG ATVINNURÉTTINDI



Ljósmynd: Þorkell Þorkelsson.

Ásgerður Ragnarsdóttir var einn framsögumanna.

hagfræðideild Háskóla Íslands. Í pallborði sátu Valgerður Sólunes aðstoðarmaður hæstaréttardómara og Helgi Áss Grétarsson lektor við lagadeild Háskóla Íslands en stjórnandi var Hulda Árnadóttir hdl., LL.M. hjá Lex.

Á MÁLSTOFU um kvótakerfi og atvinnuréttindi var veitt fræðileg yfirsýn yfir kvótakerfi og varpað ljósi á stjórnskipuleg álitafni sem upp koma við rekstur þeirra, m.a. með hliðsjón af mögulegum lagabreytingum. Framsögumenn voru þau Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Ásgerður Ragnarsdóttir hdl., LL.M. hjá Lex, Kristín Haraldsdóttir sérfræðingur við lagadeild og forstöðumaður auðlindaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík og Daði Már Kristófersson dósent í náttúruauðlindahagfræði við

JÓNATANSSON & CO
LOGFRÆÐISTOFA

Kringlan 4-6, 8 hæð
103 Reykjavík
Sími (+354) 533 34 34
Fax (+354) 533 24 34

jonatansson@jonatansson.is
www.jonatansson.is

Litla prent
Stórt verk lítið mál

FORTIS
Lögmannsstofa

Lögmæti verðtryggingar

RÖKSTÓLUM UM lögmæti verðtryggingar var stjórnað af Eyvindi G. Gunnarssyni dósent við lagadeild Háskóla Íslands en þátttakendur voru Stefán Már Stefánsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Áslaug Árnadóttir hdl. hjá Landslögum, Jón Þór Sturluson dósent við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og Eiríkur Elís Þorláksson hrl. og lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Hvað er verðtrygging?

Eyvindur hóf umræðuna á því að vísa til þess að verðtrygging væri mikið hagsmunamál og að málefnið snéri að ýmsum sviðum lögfræðinnar, s.s. ákvæðum vaxtalaga, laga um vísitölu neysluverðs, samningalaga, neytendalöggjöfar, EES-réttar og að mati sumra einnig laga um verðbréfavíðskipti. Jón Þór fór yfir hvað fyrirbærið verðtrygging væri og sagði það í raun ekki flókið. Um væri að ræða viðbót við lánssamning þar sem vextir eru breytilegir með fyrirfram ákveðnum hætti og taka mið af þróun verðbólgu á hverjum tíma. Hann nefndi að munur á verðtryggðu láni og láni með breytilegum óverðtryggðum vöxtum væri í raun minniháttar. Hann sagði að öfugt við það sem oft hefði heyrst um að með verðtryggðu láni hallaði á lántaka, þá taldi hann að í raun væri um að ræða gagnkvæma tryggingu. Lánveitandi væri tryggður fyrir hækkandi verðbólgu en lántaki myndi aftur á móti hagnast ef verðbólga lækkaði. Þá taldi hann núverandi viðmið við neysluverðsvísitölu vera ágætis mælikvarða og fela í sér minni stökk en aðrir mælikvarðar, s.s. byggingarvísitala.



Ljósmynd: Þorkell Þorkelsson.

Fv. Eiríkur Elís Þorláksson, Jón Þór Sturluson, Áslaug Árnadóttir og Stefán Már Stefánsson.

Á brattann að sækja fyrir dómstólum

Eiríkur Elís vék að því hvort mögulegt væri að beita ógildingarreglum samningalaga um verðtryggða lánssamninga og benti á meginreglur samningaréttar um skuldbindingargildi samninga og sammingsfrelsið. Verðtrygging á fjárskuldbindingar væru heimilar í vaxtalögum og það vegur talsvert þungt. Einnig væru ógildingarreglur samningalaganna undantekning frá meginreglunni um skuldbindingargildi og því væru þær túlkaðar þröngt. Eiríkur taldi mjög á brattann að sækja í þeim málum sem nú væru rekin fyrir dómstólum um þetta efni og ólíklegt að að verðtryggður lánssamningur yrði metinn ólögmætur á grundvelli ógildingarreglna samningalaganna, s.s. á grundvelli brostinna forsendna eða ósanngirni.

Tilskipun um lánasamninga fyrir neytendur

Að því er varðar neytendalöggjöfina þá rakti Áslaug gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (2008/48/EB) um lánasamninga fyrir neytendur og hvernig hún hefur verið leidd inn í íslenskan rétt. Tilskipunin gildir ekki um fasteignaveðlán og verður henni því ekki beitt um slíkt efni. Íslensk lög um neytendalán gangi hins vegar lengra og gilda um þessa tegund lánsskuldbindinga. Upplýsingaskylda við lánveitingu var rædd sérstaklega og Áslaug nefndi að mikilvægt væri að hafa í huga að tilskipunin gildir eingöngu um upplýsingagjöf við lánveitinguna en ekki samningssambandið sjálft. Á meðan tilskipunin mælir fyrir um að upplýsingar við lántökuna skuli miða við stöðuna þegar lánssamningur er gerður þá gera íslensk lög um neytendalán að nokkru leyti aðrar kröfur í þessum efnunum og

miða við ársverðbólgu samkvæmt 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs. Var jafnvel efast um hvort þetta teldist rétt innleiðing tilskipunarinnar. Þá kom fram að ef upplýsingaskýldan væri vanrækt gera lög um neytendalán ekki ráð fyrir að slíkt skuli leiða til ógildingar lánskuldbindingarinnar heldur er Neytendastofu heimilt að leggja stjórnvaldssektir á viðkomandi lánveitanda.

Efasemdir um verðtrygginguna

Stefán Már vakti máls á almennum ófyrirsjáanleika við verðtryggðar lánskuldbindingar. Hann taldi neysluvísitölu ekki vera nægilega „stabílt apparat“ og var ekki viss um að upplýsingagjöf myndi leysa öll vandamál. Stefán Már taldi að með verðtryggingunni væri bankinn allsherjartryggður og tæki í raun enga viðskiptaáhættu heldur væri áhættunni velt á aðra.

Falla verðtryggð lán undir afleiðusamninga?

Á fundinum var einnig vikið að því álitafni hvort verðtryggð lán sé afleiða í skilningi laga. Hér þyrfti að skoða hvort slík lán féllu undir lög um verðbréfavíðskipti og ef svo hvaða þýðingu það myndi hafa. Eiríkur Elís nefndi að verðtryggð lán hefðu vissulega ákveðin einkenni afleiðu, þ.e. uppgjör þeirra byggði á ákveðnum undirliggjandi þætti sem væri verðtryggingin. Þó væri ýmislegt frábrugðið. Til að mynda væru hefðbundnir afleiðusamningar til styttri tíma en verðtryggð fasteignalán auk þess sem fasteignalán væru greidd út í heild sinni og gagnaðili efnir þau á löngum tíma. Eiríkur taldi að lögum um verðbréfavíðskipti hefði ekki verið ætlað að ná yfir slíka verðtryggð lánasamninga. Það mætti einnig ráða af framkvæmd og regluverki Fjármálaeftirlitsins. Það var niðurstaða Eiríks að þessi tegund löggerninga yrði ekki talin falla undir lög um verðbréfavíðskipti jafnvel þótt verðtrygging sem slík gæti fallið undir

hugtakið afleiðu í rýmri skilningi. Ef hins vegar þessi skoðun stæðist ekki, þá þyrfti að skoða nánar reglur laganna sem gilda um fjárfestingasamninga, s.s. MiFID-reglur um flokkun fjárfesta og leggja mat á fjárfestinn og fjárfestinguna í hverju tilviki fyrir sig. Erfitt væri því að leggja með almennum hætti út af slíkri skoðun.

Í lokin

Nokkur umræða skapaðist í lok málstofunnar þar sem einkum var velt upp álitafnum varðandi áhættuskiptingu milli aðila og ónógu framboði lánastofnana á mismunandi tegundum lánskuldbindinga, þ.e. fleiri valkostum til hliðar við verðtryggð lán. Fundarmenn voru einnig sammála um að efnahagslíf þyrfti almennt að vera stöðugra hér á landi, einkum með vísun til þess hversu verðbólga er ráðandi þáttur í verðtryggðum lánskuldbindingum.

Ingvi Snær Einarsson hdl.

ERU ÚRSKURÐARNEFNDIR ÚR SÉR GENGNAR?



Líðsmynd: Þorkell Þorkelsson.
F.v. Helga Melkorka Óttarsdóttir, Ragnheiður Snorradóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Haukur Guðmundsson og Trausti Fannar Valsson.

Á RÖKSTÓLUM um úrskurðarnefndir og álitsefandi kærufndir var velt upp þeirri spurningu hvort nefndirnar hefðu létt álagi á ráðuneytum sem og dómstólum til hagræðingar fyrir borgarana. Einnig var rætt um hvort fjölgun nefnda hefði minnkað sérþekkingu í ákveðnum málaflokkum í ráðuneytum og hvort það ætti að vera hægt að áfrýja úrskurðum beint til æðri dómstóla.

Þátttakendur voru þau Helga Melkorka Óttarsdóttir hrl. hjá LOGOS, Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari, Haukur Guðmundsson hdl. og Ragnhildur Helgadóttir prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík en Trausti Fannar Valsson lektor við lagadeild Háskóla Íslands stjórnaði umræðum.

Dag skal að kveldi lofa



EFTIR AÐ HAFA fjallað um lög allan daginn brugðu lögfræðingar sér heim til að skipta út vinnugalla fyrir dansgalla og lakkskóm fyrir dansskó. Hófst svo skemmtun mikil þar sem Helgi Jóhannesson veislustjóri klæddist silfurslegnum pallíettujakka, stórhljómsveit lögfræðinga undir stjórn trommarans Heimis Arnar Herbertssonar tók lagið og Ari Eldjárn fór með gamanmál. Danshljómsveit hélt svo uppi stuðinu fram á rauða nótt. Vel heppnaður dagur að kvöldi, gylltir vökvar í glösum og gleði við völd.

Ljósmyndir: Porkell Porkelsson.



Áður en sest var að veisluborði var móttaka þar sem kunningjar stungu saman neffjum og vinir heilsuðust með virktum. F.v. Fanney Hrund Hilmarsdóttir og Sigríður Rut Júlíusdóttir:



Dýrindis forréttir voru á boðstólnum í móttökunni. F.v. Sigríður Dagmar Jóhannsdóttir, Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir og Helga Vala Helgadóttir gæddu sér á íslenski bleikju að bætti VOX, Ceviche, grafinni gæs með brenndum fíkjum og lambatörtum með jurtum.



Þátttakendur pallborðsumræðna fyrr um daginn ásamt mökum skemmtu sér konunglega enda búið að ræða um verðtryggingu og útskurðarnefndir. F.v. Eyvindur G. Gunnarsson, Elfa Ýr Gylfadóttir, Arnar Guðjónsson, Áslaug Árnadóttir, Ragnheiður Snorradóttir, Stefán Már Stefánsson og Helga Melkorka Óttarsdóttir.



Starfsmenn umboðsmanns Alþingis léku við hvern sinn fingur. F.v. Róbert R. Spanó, Scerún María Gunnarsdóttir, Berglind Bára Sigurjónsdóttir og Ingibjörg Þóra Sigurjónsdóttir:



Í tilefni dagsins var sett saman stórbljómsveit lögfræðinga sem tók lögin „Ég vil fá mér kærustu“ (Hjálmar), „Mustang Sally“ (Commitments) og „Ofboðslega frægur“ (Stuðmenn) og var mál manna að því líkt bæfileikafólk úr röðum lögfræðinga hefði sjaldan sést saman á einu sviði. Ev. Þórballur Bergmann, Birgir Már Björnsson, Ívar Pálsson, Skúli Magnússon, Guðrún Sesselja Arnardóttir, Brynbildur Georgsdóttir, Jóna Björk Helgadóttir, Víðir Smári Petersen, Kári Hólmur Ragnarsson og Jóhannes Karl Sveinsson. Að baki bljómsveitinni leynist Heimir Örn Herbertsson að berja húðir.



Lögmenn Decode ásamt fleirum: Ev. Sigurlaug Helga Pétursdóttir, Heimir Fannar Hallgrímsson, Þórir Haraldsson, Guðrún Erna Tryggvadóttir, Jóhann Hjartarson og Jónína Ingvadóttir.



Á borði Gunnbildar Pétursdóttur voru málin rædd. Ev. Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, Svanur Guðmundsson, Arndís Kristjánsdóttir, Gunnlaugur Kristjánsson, Helga Sigrún Harðardóttir og Katrín Smári Ólafsdóttir.



Fyrst á dansgólfið voru Páll Ásgeir Davíðsson og Hrefna Friðriksdóttir sem sýndu glæsilega takta svo eftir var tekið. Dansinn dunaði svo fram á rauða nótt.



Ari Eldjárn fór með gamanmál.

JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL.



Millidómstig í bígerð

Í STEFNUYFIRLÝSINGU nýrrar ríkisstjórnar segir meðal annars:

„Stefnt skal að því að millidómstig verði tekið upp, bæði í einka- og sakamálum, og að hæstiréttur starfi í einni deild.“

Hér er um að ræða grundvallar yfirlýsingu af hálfu stjórnvalda sem vekur vonir um að löngu tímabærar endurbætur á dómsskerfinu líti loksins dagsins ljós. Lögmannafélag Íslands hefur lengi talið brýnt að millidómstigi verði komið á fót sem fyrst, bæði í einka- og sakamálum, þannig að málsmeðferð samrýmist sem best kröfum réttarríkisins og reglum alþjóðlegra mannréttindasáttmála.

Á Íslandi eru tvö dómstig og hefur svo verið allt frá stofnun Hæstaréttar Íslands 16. febrúar 1920. Í nágrannalöndunum og víðast hvar í Evrópu eru á hinn bóginn þrjú dómstig. Gagnrýni hefur komið fram á tveggja þrepa dómsskerfi hér á landi. Alvarlegustu annmarkarnir hafa jafnan verið taldir eftirfarandi:

1. Meginreglan um milliliðalausa sönnunarfærslu er ekki virt nægilega vel við meðferð áfrýjaðra mála. Í einkamálum fer munnleg sönnunarfærsla ekki fram í Hæstarétti, heldur byggir rétturinn á endurritum úr þingbók af munnlegum skýrslum sem gefnar hafa verið í héraði. Í sakamálum er lagaheimild til þess að taka munnlegar skýrslur í Hæstarétti lítið sem ekkert nýtt. Á hinn bóginn hefur rétturinn í talsverðum mæli nýtt heimild til að ómerkja héraðsdóm ef

líkur eru taldar á að niðurstaða um sönnunargildi munnlegs framburðar kunnri að vera röng. Sönnunarmat héraðsdóms í sakamálum fæst því jafnan ekki endurskoðað með formlegum hætti á æðra dómstigi.

2. Sérfróðir meðdómendur taka ekki þátt í meðferð áfrýjaðra mála þar sem reynir á sérkunnáttu þeirra og þeir hafa tekið þátt í að dæma í héraði.

3. Málafjöldi í Hæstarétti er mikill og óhóflegt vinnuálag á dómara við réttinn. Afleiðingin er í reynd deildaskiptur áfrýjunardómstóll fremur en eiginlegur hæstiréttur.

Ekki verður séð að úr annmörkum á núverandi kerfi verði bætt nema með stofnun millidómstigs. Hæstiréttur myndi þá aðeins dæma í þýðingarmestu málum og dómurum yrði fækkað. Við fækkun myndi fordæmisgefandi hlutverk réttarins styrkjast, sem er afar brýnt.

Umræður um millidómstig eru ekki nýjar af nálinni. Þær hafa skotið upp kollinum af og til um áratuga skeið. Nefna má að á áttunda áratug síðustu aldar var í fjörgang lagt fram á Alþingi lagafrumvarp sem fól í sér upptöku millidómstigs að fyrirmynd Landsréttar í Danmörku. Gagnrýni á tveggja þrepa kerfi hefur þó þungst síðustu ár og nú er svo komið að flestum er ljóst að ekki verður lengur undan vikist að gera breytingar.

Á árinu 2008 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra nefnd til þess að fjalla um hvernig tryggja mætti sem

best milliliðalausa sönnunarfærslu við meðferð sakamála. Nefndin skilaði skýrslu í október sama ár og voru helstu niðurstöður hennar að nauðsynlegt væri að koma á fót millidómstigi í sakamálum.

Í október 2010 stóðu fjögur helstu fagfélög lögfræðinga; Ákærrendafélag Íslands, Dómarafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands, fyrir málþingi um millidómstig þar sem mikill einhugur ríkti um stofnun þess, bæði í einkamálum og sakamálum. Eftir málþingið skoruðu félögin á dómsmálaráðherra (nú innanríkisráðherra) að beita sér fyrir stofnun millidómstigs en hann skipaði í framhaldinu vinnuhóp sem skilaði ítarlegri skýrslu í lok júní 2011. Réttarfarsnefnd hefur haft skýrslu vinnuhópsins til skoðunar og hefur unnið að því að móta hugmyndir að nýju dómsskerfi. Lögmannafélagið hefur, ásamt dómstólaráði, fengið tækifæri til þess að koma að sjónarmiðum við þá vinnu.

Loks skal nefnt að nýverið skrifaði Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. og fyrrverandi hæstaréttardómari ritgerð um Hæstarétt þar sem meðal annars er fjallað um mikilvægi þess að taka upp millidómstig.

Brýnt er að án tafar verði ráðist í nauðsynlegar úrbætur á dómsskerfinu. Vonir standa til þess að innanríkisráðherra leggi fram frumvarp um millidómstig þegar á haustþingi og Alþingi afgreiði málið næsta vor.

Andri Árnason hrl.
Finnur Magnússon hdl., LL.M.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Páll Ásgrímsson hdl., LL.M.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hdl., LL.M.

juris

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is

Lagaþýðingar í öruggum höndum

Sérhæfðir þýðendur með víðtæka reynslu af öllum sviðum lagatexta.
Öll helstu tungumál. Traust og fagleg þjónusta.

Sendu okkur fyrirspurn á skjal@skjal.is og við komum þinni þýðingu í öruggar hendur.

Skjal þjónusta ehf. - Síðumúla 28 - 108 Reykjavík
Sími: 530 7300 - www.skjal.is



SKJAL ÞÝÐINGASTOFA


LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA

 **LÖGMANNSHLIÐ**
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
GLEIÞARGÖTU 36 • 600 AKUREYRI • SÍMI 466 2700 • NETFANG: LÖGFRÆÐINGASTOFA@LÖGMANNSHLIÐ.IS
SIGMUNDUR GUDMUNDSSON HBL • INGVAR ÞÓRODSSON HBL



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is


Lögfræðistofa Reykjavíkur



Á að koma á fót millidómstigi?

NOKKUR UMRÆÐA hefur enn á ný orðið um stofnun millidómstigs á Íslandi. Stafar umræðan nú af auknu álagi á dómstóla landsins eftir bankahrunið.

Af stjórnskipulegu tregðulögmáli

Þegar æðsta stjórn innanlandsmála var færð til Íslands frá Danmörku í upphafi 20. aldar þótti ekki af fjárhagsástæðum fært að aðskilja framkvæmdarvald og dómvald í héraði og héldu sýslumenn áfram að fara með dómvaldið jafnframt umfangsmiklum umboðstörfum fyrir landstjórnina hver í sínu umdæmi. Við flutning æðsta áfrýjunarréttarins heim til Íslands 1920 þótti heldur ekki fært að halda millidómstiginu, Landsyfirréttinum sem áður starfaði í landinu. Dómstigin urðu því aðeins tvö. Huga átti að hvoru tveggja þegar úr rættist og efnahagurinn glæddist. Árin hafa liðið og það sem framsæknir lögfræðingar kölluðu í gráglettni „stjórnskipulegt tregðulögmál“ kom í veg fyrir að hugað yrði að breytingum. Umræðunni var þó alltaf haldið við enda Ísland eitt fárra Evrópulanda þar sem framkvæmdarvald og dómvald var ekki aðskilið og alvarlegri mál geta ekki farið um þrjú dómstig. Lögfræðingum hefur verið lengi ljóst að við héraðs dómstípa væri fordæmisgildi dóma Hæstaréttar sett nokkuð út í kuldann og yrði minna en við dómstípa annarra Evrópulanda.

Vorið 1987 héldu lögfræðingar málþing um skipan dómvaldsins þar sem frummælendur gerðu tillögur að löngu tímabærum aðskilnaði dómvaldsins og framkvæmdarvaldsins í héraði. Var þá svo komið að vegna alþjóðaskuldbindinga ríkisins varð ekki undan aðskilnaði vikist. Á þessu málþingi voru einnig reifaðar tillögur að millidómstigi, sem hugsanlega gæti bæði fjallað um einkamál og sakamál eða eingöngu sakamál meðan millidómstigið væri að vinna sér þegnarétt. Við það var miðað að hlutverki Hæstaréttar yrði skipt milli hans og millidómstigs, endurskoðun dóma færi fram á millidómstiginu en fordæmisgefandi málum mætti áfrýja til Hæstaréttar aðallega með leyfi réttarins sjálfs.

Aðskilnaður dóms- og framkvæmdarvalds

Eftir kosningar 1987 tóku stjórnarflokkarnir framangreind málefni til skoðunar en úr varð að menn treystu sér eingöngu til að ráðast í aðskilnað dómvalds og framkvæmdarvalds í héraði en millidómstigið varð að bíða. Í framhaldi af því var ráðist í umfangsmiklar breytingar á allri réttarfarslöggjöf landsins. Við þá vinnu varð að taka tillit til þess að stjórnálamenn vildu ekki enn stofna millidómstig. Þótti þeim dómstípa verða með þeim hætti of umfangsmikil og dýr fyrir lítið ríki. Af þessu leiddi

tvenns konar vandamál um meðferð áfrýjunarmála sem bregðast varð við í frumvörpunum að þessu skipulagi öllu. Annars vegar varðaði það milliliðalaus málsmeðferð sakamála, þ.e. að mannréttindaákvæði standa til þess að dómstóll sem heldur ekki sjálfur yfirheyrslur getur ekki breytt niðurstöðu um sönnun í sakamáli, sem byggist á yfirheyrslum, og hins vegar um fjölda þeirra mála sem skjóta má til Hæstaréttar. Það vita þeir best sem að þessari vinnu komu að engin góð lausn var til á þessum vandamálum. Við þessar breytingar var reynt að halda sem mestri og bestri einingu meðal lögfræðinga og hafa gott samstarf við alla stjórnámaflokka á Alþingi um þessa löggjöf alla. Einingin hélst að mestu meðan verið var að semja um aðskilnað dómvalds og framkvæmdarvalds í héraði en okkur sem sátum í Hæstarétti á þessum tíma þótti hún að nokkru fyrir bí þegar kom að málefnum Hæstaréttar. Takmarkaður skilningur var á því hversu mikið vinnuálag réttinum væri ætlað og hvaða erfiðleikum það olli að millidómstiginu var sleppt. Töldu dómáramenn réttarins að enginn vegur væri fyrir Hæstarétti að halda yfirheyrslur í sakamálum svo sem öfl utan réttarins virtust vilja svo að réttarkerfið uppfyllti til fulls endurskoðunarrétt aðila að sakamáli. Dómáramenn töldu þetta tæpast geta verið hlutverk Hæstaréttar og myndi enda auk þess skapa allt of mikið álag á réttinn. Þá samþykkti Alþingi að skipta

réttinum á þann hátt að þeir fimm dómara, sem hefðu lengstan starfsaldur, skyldu skipa fimm manna dóm. Þetta gerði það að verkum að þeir sem komu nýir í réttinn störfuðu næsta lítið með þeim sem höfðu mesta starfsreynslu í réttinum. Flestir geta gert sér grein fyrir því að þetta var til þess fallið að rýra gildi Hæstaréttar sem fordæmisgefandi dómstóls. Það þarf ekki að taka það fram að dómara við réttinn mótmæltu þessu allir sem einn.

Aftur heim í hérað

Lausn réttarfararnefndar varðandi milliliðalaus málsmeðferð var sú að Hæstarétti var heimilað, teldi hann líkur á að niðurstaða héraðsdóms um sönnunargildi framburðar væri ekki rétt svo einhverju skipti, að fella dóminn úr gildi og mæla fyrir um að munnleg sönnunarfarersla færi fram að nýju í héraði og leyst yrði úr málinu þar á ný. Var þá ætlast til að sönnunarfarerslan í héraði færi fram fyrir nýjum dómara eða dómurum. Á þetta vildu héraðsdómara ekki fallast og vildu láta sama dómara fara aftur með málið í héraði. Báru þeir fyrir sig að þeir vildu ekki endurskoða úrlausnir vinnufélaga sinna. Réttarfararnefnd drógt á þetta til að reyna að halda einingu meðal dómara og var eftir þessu farið. Þetta skipulag leiddi fljótlega til ófarnaðar og hefur nú verið breytt í það horf sem réttarfararnefnd gerði tillögur um í upphafi. Nægir að benda á fræg dæmi, sem meðal lögfræðinga eru kölluð prófessors-, Briggs- og Las Vegasmál. Eining ætti að vera um að dómskerfið bauð ekki upp á nægilega góða málsmeðferð í þessum málum þótt hér verði engin afstaða til þess tekin hvort réttlætið hafi náð fram að ganga eða ekki.

Kostir og gallar núverandi kerfis

Lausn réttarfararnefndar varðandi fjölda þeirra mála, sem áfrýja má til Hæstaréttar,

fólst í því að fjölga dómurum í níu og auka heimildir réttarins til þess að láta þrjá dómara fara með mál. Við það átti að miða að þau mál, sem hefðu aðeins óverulegt fordæmisgildi, hlytu þá meðferð, önnur væru dæmd af fimm eða jafnvel sjö dómurum. Með tímanum og mjög auknum málafjölda hefur orðið slaka á þessum kröfum. Það verður tæpast lengur dregið í efa að þetta geti leitt til ófarnaðar. Sérstaklega vilji nýir dómara ekki fara að fyrri fordæmum réttarins hvort sem þau hafa verið mynduð af fimm eða þremur dómurum. Þessu til stuðnings má nefna tvö mál um ætlaðar ærumeiðingar sem afgreidd voru af þremur dómurum Hæstaréttar og Mannréttindadómstóll Evrópu gerði athugasemdir við í kjölfarið (Sjá þýddar dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu í 2. hefti 2012.) Þessir úrlausnir Hæstréttar rýmuðu illa við fordæmi réttarins síðustu árin, en þau fordæmi voru sniðin að dómum Mannréttindadómstólsins og þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Kosturinn við núverandi meðferð Hæstaréttar hefur hins vegar verið sá að áfrýjunarmedferð á Íslandi hefur verið með þeim virkustu í Evrópu. Vissulega má gera hér bót á án stofnunar millidómstigs með því að leyfa málskot dóms þriggja hæstaréttardómara til fjölskipaðri dóms innan réttarins að fyrirmynd Mannréttindadómstóls Evrópu. Sú lausn fækkar þó ekki málum á borði réttarins en málafjöldinn er annar helsti galli núverandi skipulags. (Sjá jafnframt

H.B. Skipun Hæstaréttar vð meðferð einstaks máls, Afmælisrit Gunnar G. Schram 20. feb. 2001, bls. 217)

Af því sem að framan greinir verður tæpast önnur ályktun dregin en löngu sé tímabært að huga að millidómstigi. Dómara og málflutningsmenn hafa flestir lengi verið þeirrar skoðunar og haldið henni á lofti. Dómstóll á millidómstigi þarf ekki að vera nema einn og ná til landsins alls. Með þessari breytingu má fækka hæstaréttardómurum í sex eða sjö. Flest mál yrðu að vísu dæmd af fimm dómurum en reikna verður með tölverðum fjölda mála verði vísað til réttarins. Sum mál og einhver erindi sem dómnum berast verða áfram leyst af þremur dómurum. Reikna verður með því að óskir um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar margfaldist við millidómstigi. Við forföll á ekki að leita til varadómara nema í litlum mæli, en forföll eru veruleg vegna vanhæfis dómara í svo fámennu ríki sem hér. Sum mál eru einnig svo umfangsmikil að gott getur verið að hafa einn aukadómara til að fylgjast með málsmeðferðinni til vara. Þá getur verið nauðsynlegt í umfangsmiklum og flóknum málum að gefa frummælenda frí frá öðrum málum á meðan hann semur dóminn.

Tillögur að millidómstigi liggja nú fyrir réttarfararnefnd.

K · R · S · T
LÖGMENN

HAFNARFJÖRÐUR

LÖGMENN THORSPLANI SF.
FJARÐARGÖTU 11
220 HAFNARFJÖRÐUR

Af Merði lögmanni

Nú þegar vetrarskrípið hefur loks haft sig á brott er það ekki aðeins sólin sem er í hæstu hæðum heldur er væntingavísitala Marðar á svipuðu róli. Hann sér fram á gósentíð í kjölfar glæsilegrar upprisu Flokksins og endalok uppivöðslu vinstrimanna sem síðustu ár hafa valdið mörgum flokkshollum lögmanninum miklum búsigfjum. Mördur horfir með velþóknun og væntumþykju á flokkskírteini sitt í Framsóknarfélagi Strandamanna sem hangir á ný innrammað uppi á vegg á skrifstofunni og veltir fyrir sér hvort tími sé kominn til að fara að stunda golf eins og helstu lagakanónur landsins. Það getur varla verið flóknara en einfaldur heimaskítur að spássera úti í móa og sveifla þessum prikum. Höggin virðast einmitt liggja einkar vel við mikilvægum síðmiðaldra körlum.

Stór og feit verkefni bíða handan við hornið. Þessum eftirmiðdögum í vor var ekki varið til einskis þegar Mördur ók á gömlu Löðunni á milli sambýla á höfuðborgarsvæðinu og bauð heimilismönnum í ísbíltúr - með örstuttri viðkomu hjá Sýsla þar sem vistmenn kusu svo kórrétt utankjörfundar.

Mördur er þess fullviss að sá tími sé liðinn að hann þurfi að berjast um stöku búskiptamola við her nýtilgerðra lagatitta sem fátt virðast kunna annað en að hamast linnulaust á spjallsímunum sínum eða hvað þau nú heita þessi apparöt sem virðast gróin fast við ungt fólk. Eftir kosningasigur vorsins er nefnilega morgunljóst að ráðamenn munu þurfa á alveg sérstakri sérfræðiráðgjöf að halda. Það verður ekki verk fyrir einhverja erlenda pótintáta eða nýútskrifaða lagatitti heldur fyrir menn með áratuga reynslu og þjóðleg gildi í anda ungmennafélaganna.

Mördur hefur í gegnum árin náð að fullkomna sig í þeirri list að fá fresti og viðhalda málsmeðferð jafnvel einföldustu mála. Sá hæfileiki Marðar að teygja lopann gæti komið að góðum notum fyrir hinn unga forsætisráðherra og Flokkinn sem í hita leiksins fór kannski aðeins fram úr sér í loforðalistanum. Að vísu hefur Mördur upp á síðkastið haft af því nokkrar áhyggjur að nýir dómarar, ungir reglupésar, virðast á góðri leið með að yfirtaka héraðsdómstólana. Einn af þessum ungu reglupésnum gekk svo langt um daginn í fyrirtöku að skammast yfir því að Mördur væri ekki undirbúinn sem skyldi fyrir þennan spjallfund. Svo meinaði hann Merði að fara í stutta pissupásu og sagði það sig engu varða hvort eitthvað væri að Merði í blöðruhálslinum, hann gæti bara haldið í sér. Mördur syrgir þá tíma þegar dómarar skelltu sér með í smök í pissupásunum og ekki var nokkur þörf var á að grípa til þess að gera sér upp líkamlega krankleika til að tefja mál. Flokkurinn mun vonandi beita sér fyrir upptöku gamalla gilda í dómssal sem annars staðar.

Mördur lítur aftur á flokkskírteinið á veggnum og veltir fyrir sér hvort hann eigi að taka upp símann og hringja strax í unga forsætisráðherrann til að bjóða fram aðstoð. Í leiðinni gæti Mördur líka lagt til að fyrst þeir ætli að afnema fiskveiðigjaldið og setja aðildarviðræður ESB á ís þá geti þeir allt eins frestað gildistöku þessara forheimsku kvótalaga sem skikka fyrirtæki að fylla stjórnir sínar af kerlingum. Þetta jafnréttiskjaftaði hefur nú þegar gengið allt of langt að mati Marðar og sést best á því að nú skipa lögfreyjur meirihluta stjórnar Lögmannafélags Íslands. Hér er þörf á frekari frestum og þar er Mördur á heimavelli.

Hádegisverðarfundaröð LMFÍ

Í MARS og apríl s.l. stóð Lögmannafélag Íslands fyrir fundaröð um meðferð sakamála hér á landi eftir hrun. Á fyrsta fundi var viðfangsefnið vernd og þýðing trúnaðarsambands lögmanna og skjólstæðinga þeirra við rannsókn sakamála, þar sem framsögumenn voru Reimar Pétursson hrl. og Ragnar

Aðalsteinsson hrl. Á fundi tvö var málsmeðferð opinberra mála og jafnræði aðila tekin fyrir, en frummælendur voru Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl. og Karl Axelsson hrl. Á þriðja og síðasta fundinum var umfjöllunarefnið svo umboðssvik í lánastarfsemi og hvernig dómstólar hafa beitt ákvæði 249. gr.

almennra hegningarlaga í nýlegum dómum sínum. Ræðumenn voru Óttar Pálsson hrl. og Gestur Jónsson hrl. Fundirnir voru allir vel sóttir og miklar umræður spunnust í framhaldi af framsögum, enda hafa þessi málefni mikið verið í deigluinni undanfarin misseri og ár.



Fimmtudaginn 14. mars ræddu Ragnar Aðalsteinsson hrl. og Reimar Pétursson hrl. um trúnaðarsamband lögmanna og skjólstæðinga þeirra og vernd þess að lögum.



Fimmtudaginn 21. mars ræddu Karl Axelsson hrl. og Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl. um meðferð sakamála - málsmeðferðina og jafnræði málsaðila.



Þriðjudaginn 9. apríl ræddu Gestur Jónsson hrl. og Óttar Pálsson hrl. um meðferð sakamála - umboðssvik í lánastarfsemi.



Á fundinn þriðjudaginn 9. apríl mættu á annað hundruð manns til að hlusta á Óttar Pálsson hrl. og Gest Jónsson hrl.

Áfram deilt á dómaraþana



Jón Steinar Gunnlaugsson fv. hæstaréttardómari á hádegisverðarfundum 28. maí sl.

JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON HRL. og fyrrum dómari við Hæstarétt Íslands gaf á dögnum út ritgerðina *Veikburða Hæstiréttur, verulegra úrbóta er þörf*. Ritgerðin er áhugaverð fyrir margar sakir en þó einkum vegna þess að þar eru lagðar fram hugmyndir að breytingum á skipan dómstóla á Íslandi auk þess sem í henni má finna harða gagnrýni á störf Hæstaréttar og þá dómara sem þar sitja. Það er ekki á hverjum degi sem fyrrum dómari við Hæstarétt Íslands talar opinskátt um reynslu sína og upplifun af ædsta dómstól landsins. Hvort sem lesendur ritgerðarinnar eru sammála eða ósammála hugmyndum Jóns Steinars og framsetningu gagnrýni hans, þá hljóta flestir að vera sammála um það að skrifin eru merkileg. Það vekur því furðu að umræða um ritgerðina hafi ekki verið meiri en raun ber vitni á opinberum vettvangi.

„Málefni Hæstaréttar eru málefni sem þarf að ræða“

Þann 28. maí sl. var haldinn hádegisverðarfundur á vegum Lögmannafélags Íslands þar sem Jón Steinar gerði grein fyrir helstu atriðum ritgerðar sinnar. Fundinn hóf Jón Steinar á framangreindum orðum. Hann lýsti

vonbrigðum sínum með þá tregðu íslenskra lögfræðinga við að gagnrýna störf Hæstaréttar. Tregðuna telur Jón Steinar að vissu leyti skiljanlega, sérstaklega á meðal lögmanna, en engu að síður sé gagnrýni á störf réttarins afar mikilvæg. Hæstiréttur Íslands er ein valdamesta stofnun landsins og þeir aðilar sem þar sitja þurfa aldrei að endurnýja umboð sitt eða standa neinum reikningskil á verkum sínum.

Nýr Hæstiréttur

Að mati Jóns Steinars er málaþjöldi við Hæstarétt á hverjum tíma slíkur að engin leið sé fyrir einstaka dómara að sinna verkefnum sínum af þeirri kostgæfni sem nauðsynlegt er. Þetta ástand er óviðunandi, að mati Jóns, og hefur leitt til þess að dómara við réttinn hafa treyst um of á meðdómendum sína við dómsúrlausnir, einkum frummælandann í málinu. Nefnir Jón nokkur dæmi þess í ritgerðinni en hann bendir á að þetta kunnir að vera óhjákvæmileg afleiðing þess álagsvanda sem rétturinn stendur frammi fyrir. Þá telur Jón það vera óásættanlegt að tæplega 80% mála við Hæstarétt skuli vera dæmd af þremur dómurum, sem er aðeins þriðjungur skipaðra dómara og nú um stundir



Hjörtur Torfason fv. hæstaréttardómari tók undir orð Jóns Steinars. F.v. Ólafur Gústafsson hrl., Hjörtur Torfason og Magnús Thoroddsen fv. hæstaréttardómari.

raunar einungis fjórðungur. Hæstiréttur Íslands er ædsti dómstóll landsins og því sé mikilvægt að dómara hans hafi styrkar stöðir, ekki síst vegna fordæmisgildi þeirra.

Til að leysa þann álagsvanda sem blasir við Hæstarétti vill Jón Steinar að

komið verði á fót nýju millidómstigi þegar í stað, sem taki bæði til einkamála og sakamála. Samhliða stofnun millidómstóls yrði Hæstiréttur einungis skipaður fimm dómurum, sem allir dæmdu í öllum málum sem fyrir réttinn koma. Koma þar tvær aðferðar helst til greina þegar fækka á dómurum við Hæstarétt. Annars vegar að skipa ekki nýja dómara í stað þeirra sem næstir hætta og hins vegar að breyta núverandi Hæstarétti í millidómstól og skipa Hæstarétt alveg á ný. Síðari leiðin yrði fljótvirkari og telur Jón hana heimila með almennum lögum, sbr. 61. gr. stjórnarskrárinnar. Núverandi dómarar við réttinn gætu þá sótt um dómarastarf við hinn nýja Hæstarétt ef þeir kjósa svo.

Þrátt fyrir að við þessa breytingu yrðu komin þrjú dómstig leggur Jón Steinar til að áfram verði dæmt í málum á tveimur dómstigum – aðeins mikilvægustu málunum yrði skotið beint til Hæstaréttar frá neðsta dómstigi, skv. leyfi sem Hæstiréttur veitti á grundvelli ákveðinna lögfesta meginskilyrða.

Dómstólar eiga engin áhrif að hafa á val nýrra dómara

Jón Steinar gagnrýnir harðlega hvernig staðið hefur verið að skipan dómara við Hæstarétt Íslands undanfarin ár, hvort sem skipanirnar hafa komið í kjölfar umsagnar Hæstaréttar á umsækjendum eða hinnar sérstöku dómnefndar sem komið var á fót með lögum nr. 45/2010. Báðar leiðirnar hafa sýnt, að mati Jóns, að umsagnaraðilunum er ekki treystandi til að komast að faglegri niðurstöðu og að áhrif sitjandi dómara hafi ráðið alltof miklu við skipun nýrra dómara, þar sem Hæstiréttur og dómstólaráð tilnefna meirihluta nefndarmanna. Þá gagnrýnir hann sérstaklega þá aðferðarfræði sem dómnefndin hefur lagt til grundvallar



45 manns sátu hádegisverðarfundinn.

niðurstöðum sínum til þessa en hann telur nefndina í raun ekkert mat leggja á það hversu vel eða illa umsækjendur hafa staðið sig í fyrri störfum sínum. Að mati Jóns virðast fjöldi skrifaðra blaðsíðna í fræðirit og fjölbreytileiki fyrri starfa skipta nefndina meira máli heldur en gæði skrifanna og starfsreynsla á einstöku sviði lögfræðinnar. Í ritgerðinni nefnir Jón tvær dómaraskipanir máli sínu til stuðnings.

Í stað núverandi fyrirkomulags ætti ráðherra að ákveða hvern skuli skipa dómara við Hæstarétt, enda ber hann stjórnskipulega ábyrgð á skipuninni. Ákvörðun hans yrði svo staðfest af Alþingi. Ef ráðherra ætti að byggja val sitt að einhverju leyti á niðurstöðu umsagnarnefndar ætti Hæstiréttur eða „ráðandi hópar innan dómskerfisins“ eins og Jón Steinar kallar það, ekki að koma við sögu við skipan slíkrar nefndar.

Fjölskyldustemning við samningu dóma

Jón telur það frumskyldu hvers dómara að dæma sjálfstætt. Af þeim sökum beri

dómurum einfaldlega skylda til að skila sératkvæði ef þeir eru ekki sammála meðdómendum sínum. „Svona er það ekki í Hæstarétti Íslands,“ sagði Jón Steinar í erindi sínu þann 28. maí sl. og vísaði til þess tíma þegar hann starfaði við réttinn. Það vakti athygli fundarmanna að Hjörtur Torfason, fyrrum dómari við Hæstarétt, tók undir orð Jóns Steinars. Hjörtur lýsti því á fundinum hvernig aðrir dómarar við réttinn hefðu reynt að hafa áhrif á það með hvaða hætti hann skrifaði dóma sína. Þannig hefðu meðdómendur hans í tilteknum málum hvatt hann til þess að breyta texta sínum svo allir gætu þeir fallist á niðurstöðuna og enginn þyrfti að skila sératkvæði. Ekki var annað að heyra á Hirti en að honum hafi mislíkað þessi vinnubrögð. Hvað sem því líður þá verður ekki annað séð en að sú fjölskyldustemning sem Jón Steinar lýsir í ritgerð sinni eigi sér langa sögu.

Haukur Örn Birgisson brl.

VALGERÐUR SÓLNES, AÐSTOÐARMANNA
HÆSTARÉTTARDÓMARA:



Bótagrundvöllur í skaðabótamálum vegna læknamistaka

Í DÓMI HÆSTARÉTTAR 21. febrúar 2013 í máli nr. 388/2012 var dæmt um skaðabætur vegna læknamistaka úr sjúklingatryggingu á grundvelli laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Ágreiningur um sama sakarefni hefur ekki verið til úrlausnar fyrir Hæstarétti áður.

Málsatvik voru þau að tjónþoli taldi sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna ófullnægjandi skoðunar læknis sem vitjaði tjónþola á heimili hans. Örfáum stundum eftir læknisskoðunina var tjónþoli fluttur með sjúkrabifreið á sjúkrahús þar sem hann dvaldi um nokkurra vikna skeið vegna lungnabólgu og hlaut hann heyrnaskerðingu og heyrnatap í kjölfar veikindanna. Í málinu krafði tjónþolinn váttryggingafélag um greiðslu bóta úr lögboðinni sjúklingatryggingu vegna líkamstjóns síns.

Réttur til bóta úr sjúklingatryggingu

Kjarni málsins laut að úrlausn um það hvort tjónsatvikið heyrði undir lög nr. 111/2000 og hvort sönnun hefði tekist um að stofnast hefði til bótaskyldu

á grundvelli laganna við fyrrgreind læknamistök.

Lög nr. 111/2000 tóku gildi 1. janúar 2001, en þau leystu af hólmi ákvæði um slysatryggingar í þágildandi lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar sem vörðuðu sambærilegt efni. Lögin taka til sjúklinga sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi og eftir atvikum erlendis í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð, við læknisfræðilega tilraun eða líffæra- eða blóðgjöf á heilbrigðisstofnun eða í sjúkraflutningum, sbr. 1. gr. Samkvæmt því eru það sjúklingar sem njóta verndar laganna, en undir það hugtak heyra notendur heilbrigðisþjónustu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Í lögum nr. 111/2000 felst ekki áskilnaður um að einstaklingur sé veikur til að teljast sjúklingur og undir hugtakið fellur einnig fóstur í móðurkviði, fæðist það lifandi. Sjúklingahugtak laganna hefur því fremur rúma merkingu í reynd.¹ Bótaskyldir aðilar samkvæmt lögum eiga það sammerkt að þeim er að meginreglu skylt að taka sérstaka sjúklingatryggingu, sbr. 10. gr. Þær heilbrigðisstofnanir sem ríkið á að heild eða hluta eru þó undanþegnar váttryggingaskyldu og bera þannig

bótaábyrgð á eigin áhættu, sbr. 11. gr.² Þá er í lögum mælt fyrir um hámark bótafjárhæðar fyrir einstakt tjónsatvik sem miðar við 5.000.000 krónur og að tjón þurfi að lágmarki að hafa numið 50.000 krónum, en báðar fjárhæðir miða við 1. janúar 2001 og breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs, sbr. 2. mgr. 5. gr. Námu fjárhæðirnar 9.962.648 krónum og 99.626 krónum 1. janúar 2013.

Í 2. gr. laga nr. 111/2000 er tiltekið að bætur samkvæmt lögum skuli greiða án tillits til þess hvort einhver beri skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers af þeim tilvikum sem rakin eru í fjórum tölulíðum ákvæðisins. Af reglunni leiðir að slakað er á kröfum til sönnunar um orsakatengsl milli atviks og bótaskylds tjóns samkvæmt lögum frá því sem gildir samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.³

Með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 111/2000 var ætlunin að tryggja tjónþola víðtækari rétt á bótum en hann átti samkvæmt almennum skaðabótareglum og jafnframt gera honum auðveldara að ná rétti sínum, því að jafnaði átti sjúklingur sem varð fyrir heilsutjóni af völdum læknismeðferðar

1. Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*. Bókaútgáfan Codex. Reykjavík 2005, bls. 455; og *Alpt.* 1999-2000, A-deild, bls. 4415 og 4421-4422.
2. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 111/2000 annast sjúkratryggingastofnun sjúklingatryggingu vegna þeirra sem hafa nýtt sér heimild 11. gr. laganna til að kaupa ekki váttryggingu. Sjúkratryggingastofnun var komið á fót með lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingu, en fyrir gildistöku þeirra laga fór Tryggingastofnun ríkisins með fyrrgreint hlutverk að lögum nr. 111/2000. Aðild að dómsmálum þar sem til álita er ætluð bótaábyrgð heilbrigðisstofnana, sem eru að heild eða hluta í eigu ríkisins, á grundvelli laga nr. 111/2000 er sérstakt athugunarefni sem ekki verður vikið að hér.
3. Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 453-454, 456 og 460; og Bo von Eyben: *Patientforsikring*. Gad. Kaupmannahöfn 1993, bls. 83. Til hliðsjónar, Aslak Syse o.fl.: *Pasientskaderett*. Gyldendal akademisk. Oslo 2011, bls. 248 og 277.

eða í tengslum við hana ekki rétt á bótum eftir almennum reglum nema hann gæti sannað að tjónið yrði rakið til sakar annars manns.⁴ Í athugasemdum með frumvarpinu kom meðal annars fram að rök fyrir úrræði sem tryggði sjúklingum víðtækari rétt til bóta en flestum öðrum tjónþolum væru meðal annars þau að sönnunarvandkvæði í þessum málaflokki væru oft meiri en á öðrum sviðum auk þess sem bótaréttur úr sjúklingatryggingu væri ekki háður því að unnt væri að sýna fram á persónulega ábyrgð læknis eða annars starfsmanns, sem aftur stuðlaði að víðtækari vitneskju um það sem betur mætti fara í heilbrigðiskerfinu. Gegn slíkum sérreglum væru einkum þau rök að óvíst væri um sanngirni þess að veita þessum tjónþolum forgang umfram aðra.⁵

Minni kröfur til sönnunar

Það eru einkum fjögur atriði sem greina reglur samkvæmt lögum nr. 111/2000 frá almennum reglum skaðabótaréttarins. Í fyrsta lagi að kröfu úr sjúklingatryggingu samkvæmt lögnum verður einungis beint að þeim sem tryggðir eru með sjúklingavátryggingu hjá vátryggingafélagi eða þeim heilbrigðisstofnunum í ríkiseigu sem bera bótaábyrgð á eigin áhættu, sbr. 10. og 11. gr. Í öðru lagi verða ekki greiddar hærri bætur úr sjúklingatryggingu en nemur lögbundnu hámarki fyrir einstakt tjónstilvik, sbr. 5. gr. Í þriðja lagi verða skaðabætur ekki sóttar á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar vegna tilvika sem einnig heyra undir lögin, nema tjón hafi ekki fengist að fullu bætt vegna fyrirmæla laganna um hámarksbætur og þá einungis um það sem á vantar eftir reglum skaðabótaréttarins, sbr. 7. gr. Reglum skaðabótaréttar er þannig vikið til hliðar að því leyti sem tjónþoli fær tjón sitt bætt samkvæmt lögnum.⁶ Í fjórða lagi er sem fyrir greinir slakað á kröfum til sönnunar um orsakatengsl milli atviks og bótaskylds tjóns samkvæmt lögnum, sbr. 2. gr.

Dómur Hæstaréttar 21. febrúar 2013

Ágreiningur í máli nr. 388/2012 laut að því hvort tekist hefði sönnun um hvort tjónsatvik heyrði undir lög nr. 111/2000 og hvort sönnun hefði tekist um að stofnast hefði til bótaskyldu á grundvelli laganna við ætluð læknamistöð. Undir meðferð málsins í héraði var aflað undirmatsgerðar, þar sem komist var að niðurstöðu um að lækni skoðun umrætt sinn hefði ekki verið fullnægjandi í ljósi aðstæðna. Undir það var tekið í dómi héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, sem þó taldi að skilyrði um orsakatengsl milli lækni skoðunarinnar og líkamstjóns tjónþola væru ekki uppfyllt.

Hæstiréttur taldi á hinn bóginn að niðurstaða yfirmatsgerðar, sem aflað var eftir uppkvaðningu héraðsdóms, væri afdráttarlaus um að ítarlegri lækni skoðun hefði leitt til þess að tjónþola hefði verið vísað á sjúkrahús og meðferð hans flýtt og því væru orsakatengsl milli tjóns hans og hinnar ófullkomnu lækni skoðunar. Að virtum þeim matsgerðum sem aflað hefði verið taldi Hæstiréttur að tjónþoli hefði axlað sönnunarbyrði samkvæmt 2. gr. laga nr. 111/2000, um að líklegri væri að tjón hans stafaði af rannsókn eða meðferð en öðrum orsökum, enda væri með ákvæðinu slakað á almennum kröfum um sönnun orsakatengsla í skaðabótarétti. Var krafa tjónþolans um skaðabætur úr sjúklingatryggingu því tekin til greina.

Rétturinn ekki sóttur í reynd?

Af niðurstöðu Hæstaréttar verður ráðið að tjónþola hafi í málinu tekist sönnun um að hann hafi hlotið líkamstjón af völdum læknamistaka, en óvíst er að sú sönnun hefði tekist ef málið hefði verið rekið á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttarins, að öðrum atvikum óbreyttum. Þótt skaðabætur á grundvelli laga nr. 111/2000 séu

bundnar við lögbundið hámark og að kröfum þar að lútandi sé einungis unnt að beina að vátryggingafélögum eða eftir atvikum sjúkralyngingastofnun fyrir hönd heilbrigðisstofnana í ríkiseigu, sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna, er eftir sem áður um ríka hagsmuni tjónþola að ræða, enda er sönnunaraðstaða iðulega örðug og staða tjónþola, sjúklinga, aukin heldur í eðli sínu veik.

Í ársskýrslu sjúkralyngingastofnunar vegna ársins 2010 kemur fram að nokkuð beri á því að bæði almenningi og fagaðilum sé lítið kunnugt um gang sjúkralyngingamála hjá stofnuninni, sem megi að einhverju leyti rekja til þess að ekki hafi verið gert sérstakt átak nýverið til þess að kynna sjúkralyngingar fyrir almenningi. Þar kemur enn fremur fram að árið 2010 hafi verið fallist á bótaskyldu í 31 tilviki af alls 131 ákvörðun sem teknar voru í tilefni af tilkynningum sem bárust það árið á grundvelli laga nr. 111/2000. Þar af hafi 32 ákvarðanir verið kærðar til úrskurðarnefndar almannatrygginga. Þá er tiltekið að þetta sama ár hafi 51 tilkynning borist þeim fjórum vátryggingendum sem bjóði upp á sjúklingatryggingu samkvæmt 10. gr. laganna og hafi 40 þeirra verið afgreiddar á árinu, þar af hafi bótaskylda verið viðurkennd í 27 tilvikum. Til hliðsjónar bárust embætti landlæknis 252 kvartanir vegna heilbrigðisþjónustu árið 2010 samkvæmt upplýsingum á vefsíðu embættisins. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir opinber skráning um tilkynningar um læknamistöð hér á landi gefur augaleið að þetta eru ekki ýkja mörg tilvik, einkum þegar höfð er hliðsjón af því að samkvæmt vistunarskrá heilbrigðisstofnana voru alls 46.595 legur skráðar árið 2009 auk þess sem skráðar komur vegna heilbrigðisþjónustu utan legudeilda sjúkrahúsa voru 3.080.347 talsins sama ár, án þess að nokkuð verði fullyrt um nákvæman fjölda mistaka sem eiga sér stað ár hvert.⁷

Af dómaframkvæmd íslenskra dómstóla verður ráðið að kröfur um skaðabætur vegna læknamistaka eru

4. *Alþt.*1999-2000, A-deild, bls. 4415 og 4418.

5. *Alþt.*1999-2000, A-deild, bls. 4415 og 4419; og Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 453-454.

6. *Alþt.*1999-2000, A-deild, bls. 4427-4428; og Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 460.

7. Af vistunarskrá heilbrigðisstofnana verður ráðið að með hugtakinu „lega“ (e. discharge) sé átt við tilvik þar sem sjúklingur er innritaður á heilbrigðisstofnun og útskrifaður af henni.

iðulega sóttar á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttarins, þar sem oft er á brattann að sækja um sönnun á orsakatengslum milli ætlaðra læknamistaka og tjóns þess sjúklings sem í hlut á. Dómur Hæstaréttar 21. febrúar 2013 í máli nr. 388/2012 hefur að geyma áminningu um inntak laga

nr. 111/2000, en vekur einnig upp spurningar um hvort lögmennt hér á landi hafi nýtt öll þau úrræði sem tiltæk eru að gildandi rétti fyrir umbjóðendur í skaðabótamálum vegna læknamistaka. Þegar lagður er grunnur að máli af áðurgreindum toga, kann iðulega að vera ástæða til að byggja kröfu um

skaðabætur á lögum nr. 111/2000, ýmist einvörðungu eða með því að hafa samhliða uppi viðbótarkröfu sem reist yrði á almennum reglum skaðabótaréttar, allt eftir aðstæðum og umfangi tjóns hverju sinni.

Svala Thorlacius hrl. heiðursfélagi FKL



AÐALFUNDUR FÉLAGS KVENNA í lögmenntu (FKL) 2013 fór fram föstudaginn 10. maí sl. Nýkjörinn formaður félagsins er Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir hdl. Frá stofnun FKL árið 2004 hefur starfsemi félagsins gengið út á mynda tengslanet kvenna sem stunda lögmenntu og efla samstarf þeirra. FKL starfar innan vébanda félagsdeildar Lögmannafélags Íslands en með sjálfstæða stjórn.

Aðalfundur FKL hófst á því að Þorbjörg Gunnlaugsdóttir lögfræðingur hélt skemmtilegt og líflegt erindi um nýlega dvöl sína við Columbia háskóla í New York þar sem hún sótti framhaldsmenntun í lögfræði. Þá staðfesti aðalfundur FKL tillögu stjórnar um að Svala Thorlacius hrl. yrði kjörin heiðursfélagi. Í stuttu erindi sem Svala hélt rifjaði hún upp skemmtileg atvik af

lögum og farsælum ferli. Erindi Svölu var í léttum dúr og fundargestir hlógu oft dátt.

Fráfarandi formaður FKL, Auður Björg Jónsdóttir hdl., flutti þá skýrslu stjórnar og fór yfir helstu viðburði nýliðins starfsárs. Ganga kvenlögmannna á Helgafell í maí 2012 markaði upphaf starfsstjórnar félagsins. Í júní stóð félagið þá fyrir árlegri Jónsmessugöngu og í þetta sinn var haldið á Úlfarsfell. Á haustdögum stóð félagið fyrir námskeiðinu „Markviss framsögn“ í samstarfi við LMFÍ. Margrét Pálsdóttir málfræðingur fór þar yfir gagnleg atriði sem hafa ber í huga við framsögn, bæði á fundum og í málflutningi. Þá tók lið FKL þátt í innanhúsmóti LMFÍ í knattspyrnu og stóð sig með mikilli þryði. Fjölsóttustu viðburðir félagsins þetta starfsárið voru óformlegar samkomur „happy hour“ sem tvívegis var efnt var til haustið 2012, og jafnframt í mars 2013. Hafa slíkar samkomur mælst vel fyrir og hafa konur í lögmenntu, með ólíkan bakgrunn, átt skemmtilegar stundir saman. Markmiðið með samkomum sem þessum hefur verið að styrkja tengslin innbyrðis og tengja saman konur í stéttinni á öllum aldri.

Næst á dagskrá aðalfundar var kjör stjórnar fyrir næsta starfsár 2013-2014. Auk Mörtu Margrétar voru kjörnar í stjórn Guðrún Sesselja Arnardóttir

hrl., Linda Fanney Valgeirsdóttir hdl., Guðmundína Ragnarsdóttir hdl., Guðríður Lára Þrastardóttir hdl., Erna Heiðrún Jónsdóttir hdl. og Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.

Að aðalfundarstörfum loknum var boðið upp á léttar veitingar í boði LOGOS lögmannsþjónustu. Fundurinn var vel sóttur, sem er gleðiefni fyrir stjórn FKL, og er það merki um aukinn áhuga kvenlögmannna á félaginu. FKL er kjörin vettvangur fyrir tengslamyndun meðal kvenna sem starfa í lögmenntu, fyrir umræður um málefni þeirra og til að kynna hvað kvenlögmennt gera samhliða störfum sínum, s.s. sækja framhaldsmenntun, vinna að nýjungum í starfi eða öðru því sem þær hafa áhuga á. Tilgangur félagsins er að efla samstarf og styrkja stöðu kvenna í lögmannastéttinni og auka áhrif og þátttöku kvenna í lögmenntu. Markmið félagsins er jafnframt að gera konur í lögmenntu sýnilegri og halda uppi umræðu og standa vörð um málefni um hagsmuni kvenna í stéttinni.

Fráfarandi stjórn er þakkað fyrir vel unnin störf. Eins er þeim fjölmörgu þakkað sem ljáð hafa félaginu lið á liðnu starfsári, ekki síst Lögmannafélagi Íslands og þeim lögmannsstofum sem stutt hafa starf félagsins.

Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir hdl.



Óparfa millipinghöld?

Hugleiðingar um fyrirtökur einkamála og undirbúning aðalmeðferðar

STUNDUM ER KVARTAÐ yfir því að íslenskt réttarfar sé fornescjulegt og ósveigjanlegt. Er þá ekki síst haft í huga að hér á landi fer meðferð máls að meginstefnu fram við formlega fyrirtöku þess á dómþingi, þ.e. við svonefnd millipinghöld. Þetta leiðir til þess að lögmenn (og dómara) þurfa að mæta við fyrirtöku máls án þess að e.t.v. standi nokkuð annað fyrir dyrum en að fresta máli eða leggja fram gögn sem gagnaðili óskar síðan eftir að skoða nánar og taka afstöðu til. Slík millipinghöld má augljóslega leysa af hólmi með póst- og skýtasendingum án þess að nokkur þurfi að gera sér ferð í dómstól. Á hitt er að líta að skrifleg meðferð mála hefur einnig sína ókosti. Ekki aðeins hefur hún í för með sér mikið magn bréfa og gagnasendinga, einkum á vegum skrifstofu viðkomandi dómstóls. Skrifleg meðferð þýðir einnig að lögmenn og/ eða aðilar mætast ekki í dómstól þar sem unnt er á tiltölulega skömmum tíma að reyna sættir og leiða til lykta ýmis atriði viðvíkjandi meðferð máls. Færa má fyrir því rök að bæta megi framkvæmdina að þessu leyti þannig að kostir „munnlegs réttarfars“ fari langt eða lengra með að vega upp á mótum kostum skriflegrar.

Markvissari millipinghöld

Við fyrstu fyrirtöku einkamáls eftir úthlutun til dómara hlýtur það að vera eðlileg krafa að lögmaður viti hvort hann hyggst afla frekari gagna og hvort ástæða er til frestunar

málsins. Það gæti einnig sparað mörg millipinghöld ef lögmenn gera hvorum öðrum aðvart um framlagningu gagna með hæfilegum fyrirvara þannig að gagnaðili geti brugðist við þegar við framlagningu þeirra. Hér má rifja um að eml. gera ráð fyrir sameiginlegum fresti til gagnaöflunar sem meginreglu, sbr. 2. mgr. 102. gr. eml. Slík vinnubrögð heyra hins vegar til undantekninga og algengt er að lögmenn séu mættir „vegna“ annars lögmans og viti næsta lítið um málið. Mætingar sem þessar eru almennt til þess fallnar að gera millipinghöld ómarkviss. Þegar um er að ræða undirbúning aðalmeðferðar eiga „mætingarlögmenn“ hins vegar oft hreinlega í erfiðleikum með að axla faglega ábyrgð sína.

Efni og umfang aðalmeðferðar

Eiginleg aðalmeðferð mála á rætur sínar til breytingar á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði frá árinu 1981. Með 1. mgr. 102. gr. nógildandi laga var hins vegar sett það nýmæli að þegar gagnaöflun er lýst lokið skal dómari annars vegar leita svara aðila við því í hverju skyni aðilar hyggjast sjálfir gefa skýrslur og leiða einstök vitni. Hins vegar ber dómara að inna aðila eftir því hve langan tíma þeir þurfi fyrir málflytningu. Dómara ber svo að ákveða lengd aðalmeðferðar í ljósi þessara upplýsinga.

Samkvæmt framansögðu er megin-

tilgangurinn hér að taka af tvímæli um efni og umfang aðalmeðferðar fyrirfram. Í undirbúningsþinghaldi eiga þannig að koma fram mótmæli við munnlegri sönnunarfærslu, ef þeim er að skipta, þannig að dómari geti skorið úr hugsanlegum ágreiningi aðila um hvort vitni verður leitt o.s.frv. Er þannig tekið fram að spurningar dómara um fyrirhugaða skýrslugjöf séu ætlaðar „til þess að staðreyna hvort og að hverju marki skýrslugjafar sé þörf“. Ekki er þó útilokað að yfirlýsingar aðila, eða skortur á slíkum yfirlýsingum, getið beinlínis bundið aðila. Ef aðili hyggst leiða vitni, sem ekki hefur verið tilgreint í stefnu eða greinargerð og ekki er talið upp við undirbúning aðalmeðferðar, vaknar t.d. sú spurning hvort slíkt vitni verði allt að einu leitt fyrir dóm til skýrslugjafar gegn mótmælum gagnaðila.

Fyrirtaka missir marks

Nýmæli nógildandi eml. var augljóslega ætlað að gera aðalmeðferð markvissari og stuðla að skilvirkari meðferð mála. Sú spurning hlýtur að vakna hvernig til hefur tekist með framkvæmd. Eftir minni reynslu er alltof algengt að lögmönnum bregði hreinlega í brún þegar dómari innir þá eftir skýrslutökum og málflytningstíma við aðalmeðferð, ekki síst þegar viðkomandi lögmaður ætlar sér ekki að flytja málið. Svörin verða þá oftast en ekki þau að allt þetta verði tilkynnt dómara með tölvuskeyti með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalmeðferð.



Slík afstaða lögmanns er hins vegar hvorki í samræmi við fyrirmæli eml. né þau markmið um skilvirka málsmeðferð sem áður er lýst. Afleiðingin verður sú að fyrirtaka málsins missir marks og meðferðinni er beint í farveg samskipta utan réttar. Í framhaldinu má dómari jafnvel eiga von á því að vera krafinn um afstöðu til ágreiningsefna í tölvuskeyti frá lögmanni. Flestir hljóta að taka undir að ekki er æskilegt að þróa rafrænt réttarfar á þessum nótum.

Svigrúm til bættra vinnubragða

Óhagræði íslensks réttarfars liggur í mörgum tilvikum ekki í regluverkinu, hvað þá þeim grunnreglum sem það er reist á, heldur fremur á vafasamri framkvæmd. Að því er millþinghöld snertir er fyrir hendi svigrúm til bætingar, ekki einungis fyrir lögmennt heldur einnig dómara sem vitanlega bera meginábyrgðina á skilvirkri meðferð máls. Þegar um er að ræða undirbúning

aðalmeðferðar getur lögmaður þó ekki vikið sér undan lögætum spurningum með vísan til þess að hann fari í raun og veru ekki með málið eða hafi ekki enn sett sig nægilega vel inn í það. Hvorki tölvupóstur né framtíðarhugleiðingar um rafræna málsmeðferð geta haggað þessu grundvallaratriði.



NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Gísli M. Auðbergsson hrl.

Strandgötu 19 a
735 Eskifjörður
Sími: 476-1616

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.

LEX ehf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Jón Ármann Guðjónsson hrl.

Lögborg ehf.
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími: 588-3000

NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Arnar Ingi Ingvarsson hdl.

CATO lögmennt
Höfðatúni 2
105 Reykjavík
Sími: 595-4545

Berglind Jónasardóttir hdl.

Lögmannsstofa Akureyrar
Hofsbót 4
600 Akureyri
Sími: 464-5555

Erna Guðrún Sigurðardóttir hdl.

Landsbankinn hf.
Austurstræti 11
101 Reykjavík
Sími: 410-7744

Garðar Steinn Ólafsson hdl.

Ólafsson Lögmennt slf
Flyðrugranda 10
107 Reykjavík
Sími: 4450475

Guðbrandur Jóhannesson hdl.

Lögheimar lögmannsstofa
Bæjarlind 4
201 Kópavogur
Sími: 512-36000

Hjalti Sigvaldason hdl.

Libra lögmannsstofa ehf.
Túngötu 5
101 Reykjavík
Sími: 5511-349

Jakob Björgvin Jakobsson hdl.

Deloitte ehf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 580-3005

Jóhann Kristinn Guðmundsson hdl.

LBI hf.
Álfheimum 74
104 Reykjavík
Sími: 410-3971

Kristján Óskar Ásvaldsson hdl.

Pacta lögmennt
Hafnarstræti 19
400 Ísafjörður
Sími: 440-7900

Margrét Helga Kr. Stefánsdóttir hdl.

Lagastoð
Lágmúla 7
105 Reykjavík
Sími: 516-4000

Pálmi Rögnvaldsson hdl.

Landsbankinn hf.
Hafnarstræti 11
155 Reykjavík
Sími: 410-4000


Sigrún Ingibjörg Gísladóttir hdl.

Forum lögmann og Tort ehf.
Aðalstræti 6
101 Reykjavík
Sími: 562-3939

Skúli Sveinsson hdl.

Lögver ehf.
Ármúli 15
108 Reykjavík
Sími: 588-1040

Svanhildur Anna Magnúsdóttir hdl.

Lex lögmannsstofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 698-5397

**ENDURÚTGEFIN
MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI**
Arndís

Sveinbjörnsdóttir hdl.
Lögmannsstofan SS ehf.
Hamraborg 10
200 Kópavogur
Sími: 554-5200

Heimir Fannar Hallgrímsson hdl.

Libra lögmann
Túngötu 5
101 Reykjavík
Sími: 849-0072

Hildur Leifsdóttir hdl.

Mörkin lögmannsstofa
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4100

Sjöfn Kristjánsdóttir hdl.

Egal ehf.
Sólvallargötu 11
101 Reykjavík
Sími: 568-3353

NÝR VINNUSTADUR
Andri Vilhjálmur Sigurðsson hdl.

Lögmenn Lækjargötu 2
Lækjargötu 2
101 Reykjavík
Sími: 512-1220

Arna Bryndís Baldvins McClure hdl.

Samherji hf.
Glerárgata 30
600 Akureyri
Sími: 560-9000

Auður Ýr Helgadóttir hdl.

LOCAL lögmann
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 527-9700

Árný Guðmundsdóttir hdl.

Arion banki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-7000

Bjarki Sigursveinsson hdl.

Lagarök
Síðumúla 27
108 Reykjavík
Sími: 588-1177

Erlendur Kristjánsson hdl.

Íbúðalánasjóður
Borgartúni 21
105 Reykjavík
Sími: 569-6900

Grétar Már Ólafsson hdl.

LÖG lögmannsstofa sf.
Hús verslunarinnar, Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími: 588-8666

Kristján Valdimarsson hdl.

Íslenska lögfræðistofan
Smáratorgi 3 (turninn)
201 Kópavogur
Sími: 412-2800

Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.

Vatnsstíg 3
101 Reykjavík
Sími: 556 0000

Pórey S. Þórðardóttir hdl.

Landssamtök lífeyrissjóða
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 563-1800

NÝTT AÐSETUR
Lausnir lögmannsstofa

Einar Gautur
Steingrímsson hrl.
Gunnhildur Pétursdóttir hdl.
Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.
Elva Ósk S. Wium hdl.
Suðurgötu 62
220 Hafnarfjörður
Sími: 563-1800

Lögmenn Laugardal

Björn Þorri Viktorsson hrl.
Karl Georg
Sigurbjörnsson hrl.
Bragi Dór Hafþórsson hdl.
Sundagörðum 2, 2. hæð
104 Reykjavík
Sími: 533-4850

Lögmenn Sundagörðum

Hlynur Ingason hdl.
Sævar Þór Jónsson hdl.
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 527-7781

Andrés Már Magnússon hdl.

Prima Lögmenn ehf.
Kaupvangsstræti 1, 2. hæð
600 Akureyri
Sími: 461-2098

Guðfinna Jóh.

Guðmundsdóttir hdl.
Fasteignamál, lögmannsstofa
Laugavegi 59
101 Reykjavík
Sími: 552-2420

LOCAL lögmann

Auður Ýr Helgadóttir hdl.
Áslaug Gunnlaugsdóttir hdl.
Guðrún Bergsteinsdóttir hdl.
Smáratorgi 3, 7. hæð
201 Kópavogur
Sími: 527-9707



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is